V.	Til byggingar varðskipa, þar af endurveiting ónotaðra fjárveitinga frá 1947, kr. 645000 og frá 1948 kr. 850000 (11. gr. A. 9.)		2 000 000
VI.	Til byggingar bráðabirgðatollbúðar (11. gr. C. 1.) ..		100 000
VII.	1. Til viðbótarhúsnæðis við rikisspítalana (12. gr. III.)	560 000	
	2. Til byggingar fávitahælis (12. gr. III.)	400 000	
			960 000
VIII.	1. Til byggingar nýrra vita (13. gr. C)	700 000	
	2. Til byggingar vitavarðarbústaðar á Öndverðarnesi (13. gr. C.)	170 000	
			870 000
IX.	Til flugvallagerða og landingarbóta fyrir flugvélar (13. gr. D.)		1 550 000
X.	1. Til lúkningar bygginga á tilraunastöðinni á Keldum, 1. greiðsla af 3 (14. gr. B. I.)	200 000	
	2. Til byggingar heimavistarskólahúss við Menntaskólann á Akureyri (14. gr. B. V.)	400 000	
	3. Til byggingar sjómannaskólahússins (14. gr. B. IX.)	500 000	
	4. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum (14. gr. B. X.)	50 000	
	5. Stofnkostnaður vegna rafveitu á Hvanneyri (14. gr. B. X.)	200 000	
	6. Til byggingar skólastjórabústaðar á Reykjum í Ölfusi (14. gr. B. X.)	50 000	
			1 400 000
XI.	Til bygginga á tilraunabúinu á Reykhólum (16. gr. A. 5.)		100 000
	Samtals	30 025 588

21. g
I. Rekstrar

		kr.	kr.
Tekjur:			
2. gr.	Skattar og tollar		177 800 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		61 982 912
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		964 455
5. gr.	Óvissar tekjur		500 000
Samtals	241 257 367

II. Sjóðs

		kr.
Inn:		
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	241 257 367
Aðrar innborganir og fyrningar:		
20. gr. I.	Fyrningar	2 050 000
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10 000
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	50 000
	Greiddslujöfnuður ...	396 464
Samtals ...		243 863 831

Yfirlit.
yfirlit.

21. gr.

		kr.	kr.
Gjöld:			
7. gr.	Vextir		7 303 344
8. gr.	Kostnaður við æðstu stjórn landsins		352 644
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkis- reikninga		2 315 576
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		5 480 843
11. gr. A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	11 559 435	
— B.	Opinbert eftirlit	998 420	
— C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	5 449 546	
— D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur ..	1 300 000	19 307 401
12. gr.	Til læknaþingis og heilbrigðismála		13 445 695
13. gr. A.	Vegamál	17 423 700	
— B.	Samgöngur á sjó	2 276 000	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	7 095 000	
— D.	Flugmál	2 469 103	29 263 803
14. gr. A.	Kirkjumál	3 327 550	
— B.	Kennslumál	28 512 288	31 839 838
15. gr. A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	2 540 225	
— B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	3 727 288	6 267 513
16. gr. A.	Landbúnaðarmál	20 566 175	
— B.	Sjávarútvegsmál	1 076 324	
— C.	lðnaðarmál	751 220	
— D.	Raforkumál	4 299 490	26 693 209
17. gr.	Til félagsmála		26 246 190
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		5 822 187
19. gr.	Óviss útgjöld		39 500 000
	Rekstrarafgangur		27 419 124
	Samtals	241 257 367

yfirlit.

		kr.
Út:		
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	213 838 243
20. gr. 1.	Aðrar útborganir: Afborganir lána, greiðslur vegna ríkisáb. og til eignaaukningar	30 025 588
	Samtals ...	243 863 831

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

- I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.
- II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.
- III. Að selja strandferðaskipið Súðina.
- IV. Að taka allt að 1 millj. kr. lán til þess að halda áfram byggingu Þjóðminjasafns.

23. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1948 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 2. gr.

1. Tekju- og eignarskattur ásamt tekjuskattsviðauka varð árið 1947 rúmar kr. 43 milljónir, en í ár eru álagðar kr. 65 millj. í þessum sköttum. Gert er ráð fyrir, að óbein afleiðing af eignakönnuninni um síðustu áramót hafi verið allmikil hækkun þessara skatta, en auðvitað er ógerningur að fara nærri um það, hve mikil sú hækkun er. Það er ekki ólíklegt, að skattar hefðu ekki orðið hærri í ár en 1947, ef engin eignakönnun hefði átt sér stað. Á þessu ári hafa tekjur ýmissa þeirra atvinnugreina, sem á undanförunum árum hafa borgað drjúga skatta í ríkissjóð, minnkað mjög mikið. Er þar fyrst að telja ýmsar greinar sjávarútvegsins og innflutningsverzlunar. Ráðuneytið telur, að athuguðu máli, að ekki sé fært að áætla skatta þessa hærri en 40 millj. króna á næsta ári, og er þá gert ráð fyrir framlengingu laga nr. 6/1948, en að sjálf-sögðu er því ljóst, að svo getur farið, að þeir nái ekki þeirri fjárhæð.

2. Um stríðsgróðaskattinn er að flestu sama að segja sem um tekjuskattinn. Hann varð rúmar 7,3 milljónir kr. 1947 og áætlast hér 6 milljónir, en þar af fær ríkissjóður helminginn.

3. Vörumagnstollur er í ár áætlaður kr. 18 milljónir. Í ágústlok þessa árs voru innheimtar tæpar kr. 13 milljónir og ætti tollurinn að verða um 19,5 millj., ef hlutfallslega jafnmikið greiðist, það sem eftir er af árinu. Ráðgert er að veita á næsta ári nokkuð meira af innflutningsleyfum fyrir vörum, sem skortur er orðinn á nú, og er hér einkum um að ræða vörur, sem bera allháan verðtoll, svo sem vefnaðarvörur. Má þá gera ráð fyrir því, að vörumagnstollurinn verði einhverju hærri en í ár og áætlast hann 20 milljónir í frumvarpinu, en þá er gert ráð fyrir því, að framlengdur verði VI. kafli laga nr. 128/1947.

4. Verðtollur er áætlaður 60 milljónir króna í núgildandi fjárlögum. Árið 1947 varð hann tæplega 72,5 milljónir króna en svo hefur dregið úr innflutningi á vörum og einkum þeim, sem hár verðtollur er á, að í ágústlok þessa árs eru einungis innheimtar kr. 31 milljón. Með hlutfallslega sama innflutningi, það sem eftir er ársins, ætti verðtollurinn í ár að nema 46,5 milljónum króna.

Svo sem að framan er greint, er gert ráð fyrir nokkru meiri innflutningi næsta ár en í ár, einkum á vörum, sem bera háan verðtoll, og er gert ráð fyrir því, að nást muni með þeim innflutningi um 60 millj. króna í verðtoll með því að framlengja VI. kafla laga nr. 128/1947.

5. Innflutningsgjald af benzíni varð um $3\frac{1}{4}$ milljón króna árið 1947. Í ágústlok

þ. á. höfðu verið innheimtar rúmar 2 milljónir, en við það er að athuga, að innflytjendur benzínsins hafa 3 mánaða gjaldfrest á greiðslu innflutningsgjaldsins, svo tilfallið innflutningsgjald mun vera nokkru herra. Ef gert er ráð fyrir því, að um $\frac{1}{4}$ hluti hins tilfallna innflutningsgjalds sé ógreiddur, ætti gjaldið með hlutfallslega jöfnum innflutningi allt árið að nema um 4 milljónum króna. Ef ekki verður takmarkaður innflutningur á benzíni á næsta ári, má búast við jafnmiklu innflutningsgjaldi sem í ár, og við það er áætlunin miðuð.

6. Gjald þetta nam tæpum 4 milljónum króna árið 1947, en í ár voru í ágústlok innheimtar um $1\frac{2}{3}$ milljón króna. Úr gjaldi þessu hefur dregið vegna innflutningshamla og skömmtnar á hráefnum. Tilfallið gjald er nokkru herra í ágústlok en innheimt er, og mætti áætla, að tilfallnar væru um 2 millj. króna, en að gjaldið næmi um 3 milljónum allt árið.

Miðað við svipaða framleiðslu á næsta ári og að lög nr. 18/1948 verði framlengd fyrir árið 1949, áætlast gjald þetta 3 milljónir í frumvarpinu.

7. Tilfallinn söluskattur 2 fyrstu fjórðunga ársins af söluskatti skv. 2. og 3. tölulið 42. gr. laga nr. 128 1947 var um 6,4 millj. króna. Álagningin er víða áætluð, og má búast við, að þegar reikningar ársins verða gerðir upp, komi víða í ljós, að skatturinn hafi verið of hátt áætlaður. Má því alls ekki búast við hærri söluskatti skv. þessum töluliðum en ca. 12 milljónum króna á árinu. Söluskattur skv. 1. tölulið sömu lagagreinar hefur numið nálægt $\frac{1}{2}$ milljón króna að meðaltali á mánuði, og ætti sá tekjustofn að verða um 6 milljónir króna á árinu. Nú verður borið fram frumvarp um að tvöfalda söluskattinn, og verður hann áætlaður í frumvarpinu 34 milljónir króna.

8. Fasteignaskattur var ca. kr. 650 000 1947, áætlast kr. 600 000 í frumvarpinu.

9. Lestagjaldið var áætlað kr. 120 000 í þessa árs fjárlögum, en var í ágústlok orðið um kr. 190 000. Vegna þess hve skipum hefur fjölgað á árinu, ætti að vera óhætt að áætla það kr. 250 000 á næsta ári.

10. Bifreiðaskatturinn reyndist um 3 millj. kr. 1947, en var þá áætlaður 3,3 milljónir. Til ágústloka þessa árs voru innheimtar ca. kr. 2,7 milljónir eða um kr. 700 000 hærri fjárhæð en á sama tíma 1947. Með tilliti til þessa er þessi skattur áætlaður 3,5 milljónir króna í frumvarpinu.

11. Aukatekjurnar urðu tæpar 2 milljónir 1947, en virðast vera heldur lægri í ár. Þær áætlast kr. 1 800 000 í frumvarpinu.

12. Stimpilgjaldið varð ca. kr. 5,4 milljónir 1947 og virðist munu verða svipað í ár. Það er áætlað 4 milljónir króna í fjárlögum þessa árs, en áætlunin er í frumvarpinu hækkuð í 4,5 milljónir.

13. Vitagjald er áætlað kr. 800 000 í þessa árs fjárlögum. Í ágústlok er það orðið um 560 000 krónur. Með því að skipastóll og siglingar hafa vaxið, ætti að mega gera ráð fyrir um 900 000 kr. á næsta ári.

14. Gjald þetta er erfitt að áætla. Það reyndist kr. 125 000 1947, en virðist ætla að verða lægra í ár. Þó er áætlunin jafnhá í frumvarpinu sem í þessa árs fjárlögum.

15. Erfðafjárskatturinn varð tæpar kr. 300 000 1947, en verður nokkru hærri í ár. Hann áætlast hér kr. 300 000.

16. Veitingaskatturinn varð yfir 2 millj. króna 1947. Hann er áætlaður 1 millj. í ár, en óhætt mun að hækka hann upp í 1,5 milljónir í frumvarpinu.

17. Um gjald þetta vísast til niðurlags athugasemdanna um 10. gr.

Um 3. gr. A.

1. I. Í tillögum sínum áætla post- og símamálastjórnin tekjur póstsins á næsta ári kr. 6 320 000, en gjöldin kr. 6 850 000. Ráðuneytið telur, að rétt sé að gera ráðstafanir til þess að hækka tekjur póstsjóðs svo, að þær standi undir gjöldunum á næsta ári, og í trausti þess, að svo verði gert, er tekjuáætlunin hækkuð í kr. 6 850 000 í frumvarpinu.

Með rekstri póstsins er áætlaður rekstur fólksflutningsbifreiða á vegum póststjórnarinnar. Sá rekstur er áætlaður á 13. gr. B í frumvarpinu og vísast til athugasemdanna við þá grein.

II. Gjöldin eru áætluð eftir tillögu póst- og símamálastjórnarinnar.

2. I. Póst- og símamálastjórnin áætla tekjur landssímans kr. 19 460 000, en telur ekki þar með stofngjald bæjarsímans og notendasíma í sveitum. Stofngjöld þessi á að færa á rekstrarreikning, og var sá háttur hafður á í fjárlögum þessa árs að áætla í þeim framlagið til notendasíma í sveitum og til bæjarsímans í Reykjavík og Hafnarfirði, sem var umfram stofngjöldin. Verður þetta haft á sama hátt nú, en fjárveitingin til notendasíma í sveitum umfram stofngjöld þeirra á næsta ári er lækkuð í kr. 300 000, og kostnaðurinn við bæjarsímamann áætlaður kr. 3,3 milljónir umfram stofngjöldin á næsta ári.

II. Kostnaðaráætlunin er óbreytt frá tillögum póst- og símamálastjórnarinnar að öðru en því, sem að framan greinir.

Til eignaaukningar landssímans leggur póst- og símamálastjórnin til, að varið verði kr. 7 060 000 á næsta ári. Eins og nú horfir um fjárhag ríkissjóðs er ekki hægt að fallast á þessar tillögur. Afborganir af lánum kr. 600 000 er ekki hægt að komast hjá að greiða. Til viðauka símakerfis verður ekki veitt meira en kr. 500 000, til talstöðva í báta og skip kr. 150 000 og til loftskýlastöðva í skip kr. 100 000. Ekki er fært að leggja neitt fé til nýrra landssímalína á næsta ári.

Til stækkunar sjálfvirku símastöðinni í Reykjavík eru veittar kr. 500 000. Í tillögum sínum leggur póst- og símamálastjórnin til, að veittar verði til þessa kr. 100 000 auk stofngjalda bæjarsímans, en nú eru stofngjöldin tekin í rekstraráætlunina, eins og að framan segir. Ekki er talið fært að veita fé á næsta ári til byggingar sjálfvirku símastöðvarinnar á Akureyri og til póst- og símahúss í Hrutafirði. Fjárveitingin til þess að koma upp stuttbylgjusambandi við Vestmannaeyjar er lækkuð niður í kr. 400 000.

3. I. Eftir því að dæma, sem selt hefur verið af áfengi, það sem af er þessu ári, virðast tekjur Áfengisverzlunarinnar ætla að fara nokkuð fram úr áætluninni í fjárlögum. Ekki þykir varlegt að áætla jafnmikinn gróða af áfengissölu á næsta ári sem í ár, en þó ætti að mega áætla hann jafnháan sem áætlunin er í fjárlögum þessa árs, 42 milljónir króna.

II. Gjöldin eru áætluð svipuð sem í núgildandi fjárlögum, nema útsvarið kr. 200 000 herra, og ýmislegur rekstrarkostnaður um kr. 130 000 hærri, og er hér miðað við reynslu síðustu ára. Launin hafa hækkað lítils háttar.

4. I. Í tillögum tóbakseinkasölnunnar er nettóhagnaður á næsta ári áætlaður 15 milljónir króna, en í fjárlögum þessa árs kr. 17 500 000. Um þetta er sama að segja sem um hagnað af áfengissölu. Hann ætla að verða meiri í ár en búizt var við, en ekki þykir samt ráðlegt að áætla hann hærri á næsta ári en sömu fjárhæð, sem áætluð er í þessa árs fjárlögum.

II. Í ríkisreikningunum undanfarið eru tekjur tóbaksgerðarinnar færðar að frá-dregnum kostnaði. Þess vegna eru gjöld einkasölnunnar þar miklu lægri en fjárlaga-áætlunin. Hér eru gjöld tóbaksgerðarinnar talin með öðrum gjöldum einkasölnunnar og brúttótekjur tóbaksgerðarinnar að frá-dregnum hráefnakostnaði færðar á móti.

5. I. Tekjur ríkisútvarpsins urðu kr. 3 212 200 árið 1947 og eru varla óvarlega áætlaðar kr. 3 500 000 1949, vegna þess að notendum hefur fjölgað. Aðrar tekjur reyndust kr. 1 519 400 1947 og eru því varlega áætlaðar, enda mjög óvissar.

II. Launaáætlunin er miðuð við laun núverandi fastra starfsmanna og aukavinnu, sem nú er greidd. eru þau töluverðu hærri en í núgildandi fjárlögum. Útvarpsstjóri leggur til, að til útvarpsfni sé varið kr. 1 175 000 á næsta ári, en menntamála-ráðuneytið leggur til, að fjárhæðin verði kr. 1 060 000.

Til útvarpsstöðva er lagt til, að veittar verði kr. 920 000. Allmikill hluti af þessari fjárhæð virðist vera viðbygging við sendistöðina á Vatnsenda og ætti að færast á

20. gr., en ekki er ljóst, hve mikið þetta er. Heildarkostnaðurinn er áætlaður yfir 4 milljónir króna og tekjuafgangurinn kr. 152 240.

III. Viðtækjaverzlunin áætlað annan kostnað en laun ca. kr. 67 500 hærri en í nógildandi fjárlögum. Kostnaður þessi varð yfir kr. 180 000 árið 1946 og er því vafalaust ekki of hátt áætlaður hér.

IV. Útvarpsstjóri hefur nú áætlað rekstur viðgerðarstofu og viðtækjasmíðju í einu lagi og skiptir þetta ekki miklu máli. Rekstri þeirra er ætlað að bera sig, en ekki meira.

6. Rekstur Gutenbergs er áætlaður svipaður sem í nógildandi fjárlögum, nema gjöldin hækka nokkuð. Þau reyndust kr. 1 775 þús. 1946 og munu því varla ofhátt áætluð nú.

7. Laun eru svo til óbreytt, en annar kostnaður er hækkaður um ca. kr. 45 000. Munar þar mestu um vexti og bankakostnað, sem er áætlaður kr. 120 000. Árið 1946 varð þessi kostnaður rúmar kr. 82 000, en þá munu vextir af rekstrarlánnum hafa verið töluvert lægri.

8. Laun eru óbreytt, en annar kostnaður er áætlaður miklu hærri en í nógildandi fjárlögum. Rekstrinum er þó ætlað að bera sig.

9. Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir í athugasemdum við fjárlagafrumvarp á Landssmiðjan ekki heima í fjárlögum. Hún á samkvæmt lögum þeim, sem um hana gilda, hvorki að skila ágóða sínum í ríkissjóð né ríkissjóður að bera halla af rekstri hennar. Henni ber að greiða skatta í ríkissjóð og á þann hátt koma tekjur af henni í ríkissjóð, þegar um þær er að ræða. Gegnir hér sama máli um hana sem t. d. Landsbanka Íslands eða Sildarverksmiðjur ríkisins, en hvorugt þessara fyrirtækja er tekið í fjárlögin.

Í fjárlögunum yrði aldrei færður ágóði af Landssmiðjunni á 3. gr. A, vegna þess að ágóðinn rynni ekki beint í ríkissjóð og hallann ætti að veita til útgjalda á gjaldahlið fjárlaganna, ef til þess kæmi.

Landssmiðjan er því samkvæmt framansögðu felld niður úr frumvarpinu.

Tillagan frá trésmíðju ríkisins er mjög ófullkomin, en ágóðinn er áætlaður kr. 90 000, þegar þar með eru teknar afborganir. Afborganirnar hafa sennilega verið áætlaðar með í ýmsum kostnaði í þessa árs fjárlögum.

10. Tunnuverksmiðjurnar hafa ekki treyst sér til að gera áætlun um rekstur 1949. Verður því áætlunin fyrir 1948 látin standa óbreytt og rekstrinum ætlað að bera sig.

11. Oliuflutningaskipið Þyrill er nú eign ríkissjóðs. Skipaútgerðin hefur afgreiðslu þess með höndum, en ræður ekki rekstri þess. Því er það ekki talið með skipaútgerðinni, enda ekki heldur strandferðaskip, og rekstri þess má ekki blanda saman við strandferðaskipareksturinn, sem ekki er miðaður við, að beri sig.

Um 4. gr.

Verðbréfaeign ríkissjóðs er þessi:

1. Veðdeildarbréf Landsbankans, sem eru að veði fyrir dönskum lánum ríkissjóðs, er á sínum tíma voru tekin til bankavaxtabréfakaupa. Þau eru í árslok 1947 að eftirstöðvum kr. 1 257 100.00, en nú eftir innlausn útdreginna bréfa pr. 1. jan. 1948 og eftir viðbótarkaup kr. 1 180 500.00. af því eru 5% bréf kr. 249 000.00, en 4% bréf kr. 931 500.00. Gera má ráð fyrir vaxatekjum samkvæmt því 1. jan. 1949 kr. 24 855.00, en 1. júlí 1949 nokkru lægri fjárhæð, er áætlast kr. 22 500.00, samtals kr. 47 385.00.
2. Stofnfé Landsbankans og vextir af því er óbreytt.
3. Áhættufé stríðstryggingarfélags ísl. skipshafna er horfið, en í stað þess komin

hlutabréf í h/f Íslensk endurtrygging að nafnverði jafnhá fjárhæð sem áhættuféð var, kr. 1 850 000.00. Arður af því áætlast 5% kr. 92 500.00

Önnur hlutafjáreign:

Útvegsbanki Íslands h/f, kr. 6 414 250, vextir áætlaðir 5%	--	256 570.00
Eimskipafélag Íslands h/f, kr. 100 000.00, vextir áætlaðir 4% ..	---	4 000.00
Skallagrímur h/f, kr. 275 000.00, vextir áætlaðir 4%	---	11 000.00
Raftækjaverksmiðja Hafnarfjarðar h/f, kr. 50 000.00, vextir áætlaðir 6%	---	3 000.00

kr. 367 070.00

Aðrir vextir:

Eignakönnunarbréfin eru nú seld Landsbankanum. Andvirði þeirra hefir verið lagt inn í sérstakan hlaupareikning í Landsbankanum, sem ber sömu vexti sem meðaltalsvextirnir voru af fyrrgreindum verðbréfum, sem ríkissjóður eignaðist vegna eignakönnunarinnar. Innstæðan á hlaupareikningnum og vextirnir af henni eiga að renna til Ræktunarsjóðs.

Af skuld við ríkissjóð vegna bátabygginga innanlands reiknast 4% vextir. Skuldin nam rúnum 7 millj. króna í árslok 1947, en greiðist væntanlega nokkuð niður. Er vextir af henni áætlaðir kr. 250 000.00 1949.

Vextir af fé því, sem innheimtumenn ríkissjóðs geyma í bönkum áætlast kr. 100 000.00, aðrir vextir kr. 20 000.00.

GJALDABÁLKURINN

Um 7. gr.

Vextir og afborganir af föstum lánum 1949 sundurliðast þannig:

I. Innlend lán:

Vextir: (7. gr. 1.) Kr.	Aforganir: (20. gr. út. I.1,a) Kr.	
780.00	2 600.00	Lán vegna kaupa á Reykjatorfu.
752.04	4 177.94	Lán vegna kaupa á húseigninni „Gimli“.
965.25	5 850.00	Lán vegna kaupa á húseigninni Austurstræti 20.
7 931.98	8 483.28	Lán vegna kaupa á fasteignum á Eyrarbakka og Stokkseyri.
600.00	1 000.00	Lán vegna kaupa á Skálholti.
476.67	8 666.67	Lán vegna Skeiðaáveitu.
29 193.75	42 500.00	Innanríkislán 1938.
1 248.00	3 466.72	Lán vegna kaupa á Amtmannsstíg 1, Rvík.
2 197.31	5 231.83	Lán vegna kaupa á Kaldaðarnestorfu.
52 309.13	70 450.00	Innanríkislán 1940.
324 000.00	400 000.00	Innanríkislán 1941.
60 200.00	570 000.00	Innanríkislán 1944.
162 750.00	450 000.00	Innanríkislán 1944.
30 000.00	1 000 000.00	Lán til styrktar sildarútveginum 1945.
13 333.33	333 333.34	Lán til viðbótar framlags til fiskihafna.
2 925.00	25 000.00	Lán vegna kaupa á landeignum í Hveragerði.
89 798.40	374 160.00	Af eignakönnunarbréfum.
ca. 468 000.00	ca. 1 300 000.00	Lán í Landsbanka vegna framlags til Alþjóðabanka og gjaldeyrisvarasjóðs.
57 050.00	190 000.00	Lán til byggingar landshafnar í Njarðvíkum.
250 000.00	1 000 000.00	Lán til stuðnings sildarútveginum 1947.
31 250.00	125 000.00	Lán til byggingar þjóðminjasafnshúss.

360 000.00	1 600 000.00	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands vegna laga um landnáam, nýbyggðir o. fl.
9 900.00	180 000.00	Lán vegna kaupa á bæjarfógetahúsi á Siglufirði.
10 800.00	30 000.00	Lán hjá Helga Tryggvasyni v/ kaupa á blaðsafni.
5 000.00	100 000.00	Lán vegna þjóðminjasafns.
6 105.00	24 420.00	Lán vegna kaupa á búi kvenfélagsins Hringurinn í Kópavogi.
1 150 000.00	7 600 000.00	Fiskábyrgðir.
<hr/>	<hr/>	
3 127 574.00	15 454 339.00	

II. Erlend lán:

Vextir: (7. gr. 2.) Kr.	Afborganir: (20. kr. út I.1,b) Kr.	
3 075.07	4 424.93	Forsørgelsesforeningen Bicuben, København, (til Vífilsstaðahælis 1909).
33 648.87	96 351.13	Statsanstalten for Livsforsikring, København, (til veðdeildarbréfa-kaupa).
9 281.41	24 026.59	Det Forenede Danske Livsforsikringsaktieselskab „Hafnia“, København, 1926, (til veðdeildarbréfa-kaupa).
51 399.22	78 014.78	Det Forenede Danske Livsforsikringsaktieselskab „Hafnia“, København, 1927.
51 399.22	78 014.78	Dansk Folkeforsikringsanstalt, København 1927.
148 803.79	280 832.21	danskar krónur.
eða 201 733.30	380 724.23	íslenskar krónur.
§ 57 500.00 ==		Export-Import Bank, Washington, til kaupa á sildarvinnslutækjum o. fl. 1948.
ísl. kr. 373 750.00.		

Vextir af innlendum lánnum hafa hækkað vegna þess, að lántökur innanlands hafa aukizt, eins og sjá má af samanburði við athugasemdir við fjárlagafrumvarpið 1948.

Um fiskábyrgðirnar skal þetta sérstaklega tekið fram: Samkvæmt lögum nr. 97 frá 28. desember 1946 og samkvæmt 14. kafla laga nr. 128 frá 29. desember 1947, var ríkisstjórninni gert að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs ákveðið verð á fiski til bátavégsins á árunum 1947 og 1948. Til þess að standa stráum af útgjöldunum vegna þessara ráðstafana komst ríkisstjórnin að því samkomulagi við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f, að þeir tækju að sér að greiða mismuninn á söluverði og ábyrgðarverði fiskjar svo og annan kostnað, sem framkvæmd fyrrgreindra laga hefði í för með sér á árunum 1947—1948, gegn því að yfirdráttarskuld sú, sem við það skapaðist ásamt vöxtum, yrði endurgreidd með jöfnum afborgunum á árunum 1949, 1950 og 1951.

Um s. l. mánaðamót höfðu fiskábyrgðargreiðslur fyrir árið 1947 og 1948 numið rúmum 25 millj. króna. Þar eð mikið magn af freðfiski af framleiðslu þessa árs er enn þá óselt og fiskábyrgðargreiðslum verður að sjálfsögðu haldið áfram fyrir þann tíma, sem eftir er af árinu 1948, telur ráðuneytið, að fiskábyrgðargreiðslurnar fyrir árin 1947 og 1948 muni vart nema minni fjárhæð en 48 millj. króna, 23 millj. fyrir 1947 og 25 millj. fyrir 1948. Greiðslunum fyrir árið 1948 á að mæta með söluskatti álögðum í ár, en lán er tekið í bönkunum til greiðslu ábyrgðanna 1947, og á það að greiðast svo sem að framan segir. Verður því gert ráð fyrir kr. 7 600 þús. afborgun á næsta

ári og 5% ársvöxtum af 23 milljónum króna, með því að ekki er gert ráð fyrir, að afborgunin verði innt af höndum fyrr en í lok næsta árs.

Lán í dönskum krónum hafa ekki bætzt við á árinu, og stafar lækkun vaxtanna af eðlilegri niðurgreiðslu lánanna.

Í Bandaríkjunum var tekið lán 22. júlí þ. á. í sambandi við Marshallaðstoðina, að fjárhæð \$ 2 300 000.00. Lánið ber 2½% vexti og er afborgunarlaust fyrstu 3 árin. Greiðist síðan með jöfnum misserislegum afborgunum á 7 árum.

Vextir af lausaskuldum ríkisins eru áætlaðir eftir því, að þær nemi að jafnaði 60 millj. króna á árinu og 6% vextir séu af þeim greiddir. Aðalskuldin er yfirdráttarlán í Landsbankanum, sem ekki er nú hægt að gera ráð fyrir, að verði mikið undir 60 millj. krónum til jafnaðar á næsta ári, nema ný lán verði tekin til þess að greiða upp í yfirdráttarlánið. Í ráði er að bjóða út í haust svonefnt happdrættislán, en með því hve óvíst er, hve stórt lán fæst, er engin áætlun um það gerð nú. Andvirði þess láns á að ganga upp í yfirdráttarskuldina.

Um 8. gr.

Til forsetaembættisins eru veittar kr. 287 344.00 samkvæmt sundurliðun í fylgiskjölunum með frumvarpinu. Laun ríkisráðsritara eru kr. 9 000.00 og halli á Bessa-staðabúi áætlaður kr. 26 300.00. Í þessum lið hefur kostnaðurinn við fálkaorðu verið talinn. Hann varð kr. 26 073.00 árið 1947, en áætlast nú kr. 30 000.00.

Um 9. gr.

Alþingiskostnaður áætlast 2 300 000 kr. í samræmi við það, sem hann var s. l. ár.

Um 10. gr.

I. 1. og 2. Laun starfsmanna ráðuneytanna hækka frá fjárl. 1948 um rúmar kr. 270 000.00. Aðalbreytingarnar eru þær, að aukið hefur verið starfslíðið í fjármálaráðuneytinu og endurskoðunardeild þess. Meðal starfsmanna í forsætis- og menntamálaráðuneytinu eru nú taldir nokkrir, sem áður voru taldir meðal annarra starfsmanna í i-liðnum.

Utanríkisráðuneytið hefur einnig aukið starfslíðið.

3. Bætt hefir verið við starfslíð ríkisféhirðis einum manni. Annar kostnaður varð kr. 52 183.97 árið 1946, og tilgangslaust að áætla hann lægri en 45 700.00 1949.

4. a. Á árinu 1947 eru greiddar rúmar kr. 20 000.00 fyrir prentun ríkisreiknings. Er því þessi áætlunarfjárhæð látin haldast óbreytt.

b. 2. Til pappirs og prentunar stjórnartíðinda var greitt kr. 106 722.66. Ekki er rétt að áætla þennan kostnað lægri en kr. 100 000.00 í frumvarpinu. Kostnaður við sendingu í póstum, sem reyndist 1946 kr. 7 294.25, áætlast kr. 7 000.00.

c. Undanfarin ár hefir verið varið allmiklu fé til umbóta og viðhalds á ráðherrabústað og stjórnarráðshúsi, þar með talinn sumarþústaður ráðherra á Þingvöllum. Þótt ekki sé að vænta neins sérstaks kostnaðar við hús þessi á næsta ári, er ekki varlegt að áætla þennan lið lægri en 30 000 krónur.

II. Laun hækka lítilsháttar frá 1948 vegna aukins starfslíðs. Kostnaður við pappír, prentun og hefting hagskýrslna er áætlaður jafnhár sem 1948, en prentun eyðublaða, sem stöðugt eykst, er áætluð kr. 1 000.00 hærri. Hagstofan flytur í nýtt húsnæði í ár, en ekki þykir samt ástæða til að hækka kostnaðinn við húsaleigu, ljós og hita upp úr því, sem nú er áætlað. Annar kostnaður er áætlaður kr. 15 000.00, vegna þess að ofan á ýmsan kostnað, sem 1947 varð um kr. 4 700.00 og í ár verður hærri, bætist leiga fyrir skýrslugerðarvélar, sem væntanlegar eru á næsta ári, kr. 10 000.00, hálf ársleiga.

III. 1. b. Laun starfsmanna utan launalaga hafa undanfarið verið of lágt talin. Hafa þau því verið hækkuð nokkuð.

c. Hækkun á staðaruppbót stafar af misritun í tillögum til fjárlagaáætlunar

1948. Var staðaruppbótin þar talin kr. 1 800.00 of lág, en nú hefur þetta verið leiðrétt.

d. Annar kostnaður varð 1946 rúmar kr. 23 100.00. Hann hefur undanfarið verið of lágt áætlaður, og er farið eftir tillögun sendiherra.

2. a. og c. Laun hafa lækkað nokkuð vegna breytinga á starfslíði. Annar kostnaður hefir verið áætlaður mun lægri, einkum símagjöld, enda mun vera gert ráð fyrir minni störfum hjá sendiráðinu nú en undanfarin ár.

3. Breytingar eru óverulegar aðrar en þær, að símakostnaður hefur verið áætlaður ca. kr. 4 500.00 hærri en í fyrra, og er hér byggt á reynslu undanfarinna ára.

4. Um þenna lið er sama að segja. Símakostnaðurinn hefur reynt of lágt áætlaður undanfarið og enn fremur er nokkur hækkun á ljósi, hita og ræstingu.

5. Laun sendiherrans eru talin í kostnaði við sendiráðið í París. Hér eru aðeins talin laun, staðaruppbót og risna sendiráðsritarans, sem nú eru skv. tillögum sendiherrans ákveðin £ 5 400—0—0 á ári eða jafnvirði kr. 141 588.00. Af þessari fjárhæð bera sendiráðsritaranum kr. 9 000.00 í grunnlaun skv. launalögum, en afgangurinn telst staðaruppbót og risna. Launahækkun þessi, svo og hækkunin á b. og d. liðum stafar aðallega af því, að gengi rúblunnar hækkaði um 33½% á fyrra ári.

6. Lækkun á þessum lið stafar af lækkun á gengi frankans á fyrra ári.

7. Laun starfsmanna og staðaruppbót eru nokkru hærri en í fjárl. 1948 en þá voru þau ekki endanlega ákveðin.

8. Forstöðu aðalræðismannsskrifstofunnar í New York hefur nú ólaunaður ræðismaður. Laun þarf að greiða vélritunarstúlku \$ 50.00 á viku eða ca. kr. 17 000.00 á ári. Annar kostnaður er lauslega áætlaður \$ 1 000.00 á ári, ca. kr. 6 500.00.

9. Ferðakostnaður starfsmanna utanríkisþjónustunnar reyndist kr. 67 901.61 árið 1946, og er með tilliti til þess nú áætlaður kr. 75 000.00.

10. og 11. Liðir þessir reyndust árið 1947 kr. 277 773.76 og kr. 269 046.88, en árið 1947 ca. kr. 470 000.00 og ca. kr. 160 000.00. 10. liðurinn er nú áætlaður kr. 250 000.00, og 11. liðurinn jafnhá fjárhæð.

Í fjárlögum 1948 er dreginn frá 10. gr. III. tekjuafgangur samninganefndar utanríkisviðskipta. Nú hefur sú nefnd verið lögð niður, en störf hennar á utanríkisráðuneytið að annast. Útflutningsnefndargjald skv. reglugerð nr. 201/1947, sem ekki er greitt af sjávarafurðum, átti að koma í stað tekna samningsnefndar utanríkisviðskipta, en verður auðvitað ekki nema smáræði. Nú mun vera í ráði að láta gjald þetta ná til allra útfluttra vara og mætti þá áætla það 300 000 krónur miðað við 300 milljón króna útflutningsverðmæti 1949.

Tekjuliður þessi verður færður á 2. gr.

Um 11. gr. A.

1. Bætt hefur verið við dómverði hjá hæstarétti og hækka launin þess vegna. Þá hefur verið ákveðið að veita dómsforseta kr. 5 500.00 til risnu. Annar kostnaður er áætlaður kr. 25 000.00 hærri en í núgildandi fjárlögum og mun það miðað við, að hæstiréttur er nú fluttur í ný húsakynni, sem krefjast meiri kostnaðar en áður í hita, ljósi og ræstingu.

2. Launin hækka frá núgildandi fjárlögum, vegna þess að bætt hefur verið við einum ritara.

Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting kostaði rúmar kr. 26 000.00 1946 og nú áætlað kr. 30 000.00.

3. Svo til óbreytt frá fjárlögum 1948.

4. Bætt hefir verið við einum fulltrúa og einni vélritunarstúlku, auk aðstoðarmanns við sektainnheimtu. Hækka því launin talsvert. Húsnæði hefur verið aukið og hækka því húsaleiga, ljós, hiti og ræsting.

Annar kostnaður hækkar einnig nokkuð, en með því að lifeyrissjóðsgjöld, sem

færast eiga á 18. gr., eru talin með á tillögum sakadómara, er fjárhæð sú, sem hann áætlað, lækkuð niður í kr. 130 000.00.

5. Laun eru að mestu óbreytt.

Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður varð kr. 94 556.00 árið 1946, en er nú áætlað kr. 99 674.00.

Annar kostnaður er áætlaður kr. 75 500.00, en hann varð kr. 89 360.00 árið 1946.

Hér er bætt við nýjum lið, aukavinnu og aðkeyptri vinnu vegna benzínskömmunar, bifreiðaskoðunar, útlendingaeftirlits o. fl., alls kr. 75 000.00.

6. Laun sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur eru áætluð eftir því, sem þau eru nú.

Sama er um skrifstofukostnað þeirra að segja, en annar kostnaður við embættin er áætlaður kr. 400 000.00, skv. tillögum dómsmálaráðuneytisins. Sá kostnaður varð rúmar kr. 500 000.00 1947.

Samkvæmt samningi endurgreiðir Tryggingastofnunin í ár kr. 300 000.00 af skrifstofukostnaðinum, vegna aukinna starfa við embættin, eftir að almannatryggingarnar komu til framkvæmda. Má búast við svipaðri endurgreiðslu næsta ár.

7. Fyrir fardagaárið 1946—1947 voru greidd hreppstjóraun skv. lögum nr. 75/1947. Þegar frunvarpið var samið, höfðu horizt reikningar yfir hreppstjóraun úr 190 hreppum af 218 og námu grunnlaunin kr. 137 993.00. Meðaltalið var kr. 726.00 á hrepp, og samkvæmt því yrðu hreppstjóraunlaunin í öllum hreppum landsins kr. 158 268.00. Þau eru því áætluð kr. 160 000.00.

8. Þessi liður hefur verið færður nokkuð öðruvísi nú en í síðasta fjárlagafrunvarpi, og mun það greinilegra, sem hér er. Gert er ráð fyrir 47 ríkislögregluþjónum, og laun þeirra eru miðuð við það, sem nú er greitt.

Einkennisfatakostnaður er áætlaður kr. 1650.00 á mann, svo sem lögreglustjórinn í Reykjavík gerir.

Tryggingar eru taldar kr. 440.80 á mann í bréfi lögreglustjórans, og er áætlunin miðuð við þá fjárhæð.

Allur annar kostnaður á þessum lið er áætlaður eftir tillögum lögreglustjórans í Reykjavík, sem dómsmálaráðuneytið hefur athugað, og tillögum dómsmálaráðuneytisins sjálfs, og munu þær byggjast á því, hver kostnaðurinn reyndist á síðasta ári.

9. Skipaútgerð ríkisins hefur samið áætlun um kostnað við landhelgisgæzlu á næsta ári, og dómsmálaráðuneytið hefur fallizt á þær tillögur. Áætlunin er á þessa leið:

Rekstrarkostnaður Ægis	kr. 1 722 000.00
— Óðins	— 747 000.00
— Sæbjargar	— 775 000.00
— nýs varðbáts, sem er í smíðum, 5 mán. noktun	— 350 000.00
Leiga í 5 mánuði á varðbát fyrir Vestfirði	— 325 000.00
Leiga í 5 mánuði á varðbát fyrir Austfirði	— 325 000.00
Leiga í 5 mánuði á varðbát fyrir Faxaflóa	— 210 000.00
Fluggæzla	— 150 000.00
Eyðing tundurdufla	— 60 000.00
Eftirlaun	— 35 000.00
Annar kostnaður	— 280 000.00

Samtals kr. 4 979 000.00

Í fjárlögum fyrir árið 1946 var kostnaður við landhelgisgæzlu áætlaður 3 millj. króna, en hann varð þá kr. 4 146 426.50. Áætlunin hér að ofan er að líkindum ekki of há, ef halda á út skipunum, sem þar eru greind, allan tímann.

Kostnaðurinn við landhelgisgæzluna vex ár frá ári. Öll skipin nema Ægir eru að flestra dómi svo lítil, að not af þeim til gæzlu landhelginnar eru mjög vafasöm, og sumir munu telja þau hverfandi. Úr kostnaðinum verður að draga, og því tekur

fjármálaráðuneytið ekki hærri fjárhæð í frumvarpið en 4 milljónir króna til hans. Fram úr þeirri fjárhæð má kostnaðurinn ekki fara á næsta ári, og verður rekstur varðskipanna að miðast við það.

10. a. Launin eru að mestu óbreytt. Áætlunin um annan kostnað er byggð á reynslu ársins 1947 og því, sem af er þessu ári.

Reykjavíkurbær greiðir helming kostnaðarins við hegningarhúsið.

b. Launin eru lítið breytt. Annar kostnaður reyndist kr. 235 794.08 1946, en er nú áætlaður kr. 242 600.00. Tekjur urðu rúmar kr. 162 000.00 á því ári og eru áætl- aðar jafnháar hér.

c. Annar kostnaður er áætlaður töluverðu hærri en í núgildandi fjárlögum.

Reykjavíkurbæ greiðir helming kostnaðarins á þessum lið.

d. Kostnaður við önnur fangahús áætlast með sömu fjárhæð sem í núgildandi fjárlögum.

11. Dómsmálaráðuneytið leggur til, að kostnaður við sakamál og lögreglumál verði áætlaður kr. 200 000.00, þrátt fyrir það að sá kostnaður hafi orðið kr. 180 000.00 hærri á árinu 1947.

12. Laun sjóðósmanna hafa verið alltof lágt áætluð undanfarið. 1947 urðu þau rúmar kr. 30 000.00, en áætlast nú kr. 25 000.00.

13. Þessi liður hefur einnig verið alltof lágt áætlaður undanfarið. Er búizt við, að hann verði varla undir kr. 100 000.00 á næsta ári.

14. Hér er bætt við nýjum kostnaðarlið til útgáfu dómasafns. Fjárveiting til þess var á fjárl. 1946 og 1947, en var ekki notuð þá. Nú er útgáfunni að verða lokið, og fjárveiting er tekin hér upp, með því að engin fjárveiting er til þessa í ár.

15. Hækkun á kostnaði hér er miðuð við það, að á miðju þessu ári er hann orðinn yfir 27 000 kr.

Um 11. gr. B.

1. a. Hér eru talin einungis föst laun, en laun þeirra skipaskoðunarmanna, sem ekki taka föst laun, eru áætluð í b-lið.

b. Farið er eftir áætlun skipaskoðunarstjóra um þóknun þessa, sem ákveðin er með reglum nr. 13/1948 (B-deild). Þótt svo sé ákveðið, að verðlagsuppbót skuli greidd á þóknunina, er engin ástæða til þess hér að sundurliða grunnþóknun og verðlagsuppbót.

c.—d. Húsaleiga er 2000 kr. hærri vegna aukins húsnæðis. Að öðru leyti er liðurinn óbreyttur.

Samkvæmt IX. kafla laga nr. 68 1947 skal greiða gjöld fyrir skoðun skipa, sem renna í ríkissjóð. Enn er erfitt að gera sér grein fyrir því, hve miklu tekjur þessar nema, en hér verða þær áætlaðar kr. 300 000.00, og er þá stuðzt við tillögur skipa- skoðunarstjóra.

2. Laun eru næstum óbreytt. Ferðakostnaður hefir verið of lágt áætlaður undanfarið og er nú hækkaður um 5 000 kr. Annar kostnaður er einnig hækkaður vegna væntanlegs prentunarkostnaðar á næsta ári. Þóknun skoðunarmanna, sem ekki eru á föstum launum úr ríkissjóði, er hér áætluð samkv. tillögu skipaskoðunarstjórans. Hún var áður talin í ýmsum kostnaði. Skoðunargjöld námu 112 033.13 kr. 1946 og eru nú áætluð kr. 111 000.00.

3. Bætt hefur verið við 2 eftirlitsmönnum, og laun 3 manna hafa hækkað. Annar kostnaður reyndist kr. 226 000.00 árið 1947 og áætlast hér kr. 200 000.00. Tekjur urðu um kr. 562 000.00 á árinu 1947, og má því ætla, að þær komi til með að standa undir kostnaðinum við eftirlitið á næsta ári.

4. Laun eru óbreytt frá núgildandi fjárlögum. Annar kostnaður varð kr. 73 708.05 1946, en er nú áætlaður kr. 53 860 eftir tillögum forslöðumannsins, og er það vafalaust ekki of hátt. Tekjurnar áætla forstöðumaðurinn kr. 81 000, og sér þá ráðuneytið ekki ástæðu til að breyta þeirri áætlun. Tekjurnar urðu rúmar kr. 82 000 1946.

5. Kostnaðurinn við skipulagseftirlitið hefur vaxið hröðum skrefum síðustu ár. Árið 1946 var hann áætlaður kr. 214 785.00, en hann varð þá kr. 285 620.96. Nú er hann áætlaður kr. 378 100.00 í tillögum skipulagsstjóra, sem félagsmálaráðuneytið hefur enga athugasemd gert við. Úr kostnaðinum telur þetta ráðuneyti, að verði að draga, þótt framkvæmdirnar fari hægar þess vegna. Því verður mælingakostnaðurinn, helmingsþátttaka rikissjóðs, að lækka um kr. 25 000.00 og ferðakostnaður að áætlast helmingi lægri en í tillögum skipulagsstjóra. Annar kostnaður þykir of hátt áætlaður og er lækkaður niður í kr. 40 000.00.

Tekjurnar eru skipulagsgjöld skv. lögum nr. 55/1921, sbr. lög nr. 64/1938, 3% af hverri nýbyggingu. Tekjur þessar námu rúmum kr. 282.000.00 á árinu 1947, en með því að ætla má, að ekki verði jafnmikið fullgert af nýbyggingum 1949 sem 1947, áætlast þær ekki hærri en kr. 250 000.00.

6. Launin hækka, vegna þess að við hefur bætt mjólkurfræðingur og aðstoðarmaður héraðslæknis við mjólkureftirlit tekur nú laun á þessum lið, en tók þau áður samkv. lögum nr. 52/1942.

Rannsóknarkostnaðurinn er áætlaður nokkru hærri en í ár, en eftirlitið er samt áætlað að beri sig.

7. a. Um næstu áramót kemur til framkvæmda ný skipan á framkvæmd fiskimatsins skv. l. nr. 46/1948, en hér er byggt á áætlun, sem nefnd sú gerði, er samdi frumvarpið til fyrrnefndra laga.

b. Launin eru óbreytt en annar kostnaður hækkar nokkuð, og er þá miðað við það, að meðalsíldveiði verði. Kostnaður þessi virðist hafa verið fulllág áætlaður áður, en er vafalaust nú nærri sanni.

c. Óbreytt.

d. Að mestu óbreytt.

e. Óbreytt.

f. Ferðakostnaður matsmanna varð kr. 48 687.87 1946, en er í núgildandi fjárlögum áætlaður kr. 89 300.00. Ekki virðist ástæða til að hækka þá áætlun, og er hún því ákveðin kr. 90 000.00.

8.—9. Óbreytt.

10. Allur kostnaður á þessum lið reyndist kr. 53 200.00 1947. Áætlunin 1949 er lítils háttar hærri vegna vaxandi viðgerðarkostnaðar bifreiðar.

12. Gjöldin á þessum lið hafa ekki verið sundurliðuð áður í fjárlögum. Nú þykir ekki rétt að hafa þau lengur ósundurliðuð, enda er ekki gert ráð fyrir, að leyfisgjöldin standi undir kostnaði við eftirlitið, nema þau verði lækkuð.

Áætlanirnar á gjöldunum eru miðaðar við reynslu fyrra árs og þessa. Launin eru áætluð samkvæmt því, sem þau eru nú.

Tekjurnar fara eftir innflutningnum á næsta ári (leyfisgjöld). Miðað við innflutningsáætlun þessa árs, ættu þau að verða um 1946 þúsund krónur, að óbreyttu gjaldeyrisleyfisgjaldinu, en fjármálaráðuneytið telur sjálfsagt, að það verði hækkað úr ½% í 1% af innflutningsverðmætinu. Í trausti þess, að svo verði gert, er áætlað, að tekjurnar hrökkvi fyrir gjöldunum á þessum lið, jafnvel þótt nokkuð kunni að draga úr innflutningi.

13. Kostnaður við húsaleigueftirlit er nú nokkuð sundurliðuð til glöggvunar. Laun yfirhúsaleigunefndar og húsaleigunefndar Reykjavíkur eru miðuð við það, sem nú er greitt, og annar kostnaður við þær nefndir einnig. Laun aunnarra húsaleigunefnda og kostnaður við þær er byggður á núverandi kostnaði.

14. Kostnað við embættiseftirlit er rétt að hækka nokkuð vegna aukins ferðakostnaðar. Hann varð kr. 12 100.00 1946 og áætlast nú kr. 12 500.00.

Um 11. gr. C.

I. a. 1. Launin hafa hækkað um ca. 16.000 kr. í grunn frá fjárlögum 1948. Eins og tollstjórinn gerir grein fyrir í tillögum sínum eru störf skrifstofu hans stöðugt að vaxa, og má búast við, að ekki dragi úr þeim, er gjaldgeta skattborgara minnkar.

2. Þrengsli voru orðin svo mikil á skrifstofuhúsnæðinu í Mjólkurfélagshúsinu, að viðbótarhúsnæði var tekið á leigu. Lið þennan verður því að áætla 15 000 kr. hærri en 1948.

3. Annar kostnaður reyndist kr. 296 401.21 1947 og skipti aukaaðstoðin þar mestu máli. Margt starfa tollstjóraskrifstofunnar er þess eðlis, að þeim þarf að ljúka fyrir ákveðinn tíma, og því nægir ekki vinnuafli það, sem fæst með fastráðnu fólki á venjulegum skrifstofutíma. Verður því að kaupa aukaaðstoð eða greiða eftirvinnu-kaup í allmiklum mæli. Kostnaður þessi verður sjálfsagt ekki undir kr. 300.000.00 1949.

b. 1. a. Á launaskrá eru tilfærð laun núverandi tollvarða, en 5 nýja tollverði er verið að ráða, og verða launagreiðslurnar 1949 þá svipaðar því, sem þær eru áætlaðar 1948, en þá var gert ráð fyrir aukningunni.

b. Húsaleiga, ljós og hiti reyndist kr. 75 060.81 1947 og áætlast því 80 000 kr. nú eins og 1948.

c. Aukavinna reyndist kr. 94 911.84 1947 og er áætluð kr. 100 000.00 hér. Annar kostnaður reyndist þá kr. 118 006.44 og áætlast kr. 120 000.00.

2. Laun og kostnaður hafa hækkað einkum vegna aukinna starfa í sambandi við tolleftirlit á flugvælinum í Keflavík.

II. a. 1. Laun nefndarmanna eru ákveðin án verðlagsuppbótar og því er grunn-launafjárhæðin hér hærri en verðlagsuppbótin. Hækkunin frá 1948 stafar af því, að gert er ráð fyrir aukastarfsmönnum, svo sem launaskráin sýnir.

2. Annar kostnaður mun hafa verið fullhætt áætlaður í fjárlögum 1948.

b. Í greinargerð skattstjóra fyrir tillögum til fjárlagaáætlunar segir, hvernig störf skattstofunnar hafi stöðugt aukizt og einkum á síðasta ári vegna eignakönnunar o. fl. Verður á þetta fallizt og ekki talið fært að gera ráð fyrir minna starfslíði en skattstjóri telur þurfa. Launin hækka því frá fjárlögum 1948 um kr. 24 900.00 í grunn.

Af sömu ástæðum sem þeim, að starfslíð hefir verið aukið, verður einnig að auka húsnæði, og hefur nú verið tekið á leigu húsnæði, sem framtalsnefnd hafði á Lindargötu 9 A. Þessi liður áætlast því nú kr. 120 000.00 eða 40 000 kr. hærri en í fjárlögum 1948. Til þess að létta störf framtalsnefndar varð það að samkomulagi að skattstofan léti nefndinni í té þjálfaða starfsmenn, en bætti við sig nýjum mönnum í þeirra stað. Þetta hefur auðvitað aukinn kostnað í för með sér, og því er tíma-vinna áætluð kr. 47 000.00 hærri en í fjárlögum 1948.

„Annar kostnaður“ reyndist kr. 108 321.45 árið 1947. Vegna nauðsynlegra áhaldakaupa verður hann nokkru hærri 1949.

c.—e. Til hliðsjónar við áætlun þessa kostnaðar er hér skrá yfir kostnaðinn 1947:

1. Skattstofan á Akureyri	kr. 112 179.13
2. Skattstofan í Hafnarfirði	— 72 182.70
3. Skattstofan á Ísafirði	— 51 252.53
4. Skattstofan í Vestmannaeyjum	— 59 531.71

Kr. 295 146.07

	Yfirskatta- nefndir	Undirskatta- nefndir
Gullbr.- og Kjósarsýsla	27 300.00	42 264.00
Akranes	2 808.00	19 945.90
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla	2 354.00	19 810.75

	Yfirsatta- nefndir	Undirskatta- nefndir
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	4 973.00	21 335.20
Dalassýsla	3 678.00	6 606.85
Barðastrandarsýsla	5 114.00	19 096.00
Ísafjarðarsýsla	10 984.00	32 617.85
Strandasýsla	3 369.00	10 374.00
Húnavatnssýsla	6 926.50	16 178.90
Skagafjarðarsýsla	17 349.75	31 248.90
Siglufjörður	5 508.00	18 903.05
Ólafsfjörður	1 620.00	7 560.00
Eyjafjarðarsýsla	7 395.00	33 044.75
Þingeyjarsýsla	15 203.00	51 008.15
Norður-Múlasýsla	8 078.00	29 606.05
Suður-Múlasýsla (áætl.)	8 000.00	35 845.55
Neskaupstaður	1 450.00	24 938.35
Skaftafellssýsla	5 305.00	9 478.00
Vestmannaeyjar	11 827.10	1 702.60
Rangárvallasýsla	2 992.00	15 220.30
Árnessýsla	3 186.00	25 096.00
Reykjavík	24 000.00	

171 428.35 471 881.15

Samdráttur:

Skattstofur utan Reykjavíkur	kr. 295 146.07
Yfirsattanefndir	— 171 428.35
Undirskattanefndir	— 471 881.15

Kr. 938 455.57

Á árinu 1947 var þóknun undirskattanefnda reiknuð með kr. 38.00 lágmarksdagkaupi og kr. 54.00 hámarksdagkaupi. Í ár er lágmarkið 42 kr. og hámarkið 60 kr. Að óbreyttri vísitölu á næsta ári ætti dagkaupið að vera hið sama.

Meðaltalshækkunin á undirskattanefndarkostnaðinum frá 1947 er um 10%, og mætti því áætla hann 520 000 kr. hér, en yfirsattanefndarkostnaðurinn fylgir sömu hækkunarreglu, dagkaupið var 54 krónur 1947, en er nú 60 krónur. Hann þarf því að áætla kr. 190 000.00. Skattstofukostnaðinn utan Reykjavíkur er ekki varlegt að áætla með minni hækkun, og verður hann þá kr. 325 000.00. Allur liðurinn áætlast því kr. 1 035 000.00, og er það kr. 435 000.00 hækkun frá 1948.

g. Millimatskostnaður varð rúmlega kr. 40 000.00 árið 1947, og er tilgangslaust að áætla hann lægri hér.

Um 11. gr. D.

1. Liður þessi varð kr. 603 877.65 1947 og áætlast því 600 000.00.
 2. varð kr. 220 139.50 og áætlast kr. 225 000.00.
 3. varð kr. 470 886.25 og áætlast kr. 475 000.00.
- Samtals hækka liðir þessir um kr. 450 000.00 frá fjárlögum 1948.

Um 12. gr.

I. a. Launin eru óbreytt frá 1948.

b. Undanfarin ár mun hafa fallið niður að áætla húsaleigu embættisins, sem 1947 var kr. 6 444.00. Áður varð kostnaður þessi kr. 11 244.00 árið 1946, og því er ekki hægt að gera ráð fyrir honum lægri en kr. 12 000.00, 1949.

II. Samkvæmt launaskrá eru grunnlaun héraðslækna nú kr. 475 325.00. Ekki verður nær komið réttu áætlun á launinum 1949 en að miða hana við þetta.

III. Í tillögum stjórnarnefndar ríkisspítalanna er glögg grein gerð fyrir áætlun á kostnaði við spítalana, og er vísað til fylgiskjalanna með frumvarpinu. Við þetta er það að athuga, að í launaskránni er gert ráð fyrir hækkun á launum lækna við spítalana með hliðsjón af launum annarra lækna, en að visu er þá gengið á snið við launalögin.

Launin á Landsspítalanum eru nú áætluð nokkru lægri en í ár, vegna þess að nokkuð af starfsfólki flyzt á fæðingardeildina. Annars staðar er ekki verulegur munur á launagreiðslum frá fjárlögum þessa árs. Hins vegar er allur annar kostnaður áætlaður mun hærri en í þessa árs fjárlögum, og er það gert eftir tillögum skrifstofu ríkisspítalanna, sem án efa byggir á reynslu.

Tekjurnar eru áætlaðar lægri í frumvarpinu en í fjárlögum þessa árs. Þetta stafar af því, að við undirbúning fjárlagafrumvarpsins fyrir 1948 haustið 1947 var höfð hliðsjón af verðlaginu, sem þá var, er daggjöld sjúklinganna voru ákveðin. Þegar ákveðið var að festa vísitöluna í 300 um áramótin 1947—1948 voru daggjöld sjúklinganna lækkuð, en það láðist að leiðrétta þetta í fjárlagafrumvarpinu. Tekjur ríkisspítalanna eru því ofhætt áætlaðar í núgildandi fjárlögum.

Fæðingardeildin er áætluð sérstaklega, enda greiðir Reykjavíkurbær $\frac{2}{3}$ hluta rekstrarhallans.

Drykkjumannahælið í Kaldaðarnesi hefur verið lagt niður. Í tillögum sínum gerir heilbrigðismálaráðuneytið ráð fyrir því, að drykkjumannahæli verði starfrækt á árinu 1949, en með því að mestar líkur eru nú fyrir því, að svo verði ekki, er engin fjárveiting til slíks hælis tekin í frumvarpið.

Kostnaður við hjúkrunarkvænna- og ljósmæðraskólann er áætlaður undir Landsspítalaliðnum.

IV. a. Styrkur til berklasjúklinga er áætlaður kr. 3 000.000.00, og er þá reiknað með jafnháum legudagafjölda, sem ríkisspítalarnir í sínum tillögum áætla. Daggjöldin til berklahælanna eru kr. 27.50, til Landsspítalans kr. 28.50, til Klepps og Kleppjárnsreykja kr. 26.50 og til annarra sjúkrahúsa kr. 27.50. Ríkissjóður greiðir $\frac{4}{5}$ hluta daggjaldanna í styrk.

b. Veitt hefur verið fé til þessa styrks í fjárlögum frá 1942 þangað til í fyrri. Þá féll hann niður, en er nú tekinn upp með 10 000 kr.

c.—d. Hér eru talin laun lækna og þóknun til forstöðumanns deildarinnar. Laun skrifstofufólks eru færð með launum annarra starfsmanna stjórnarráðsins, en annar skrifstofukostnaður, svo sem húsaleiga, ljós, hiti, ræsting og bílakostnaður er færður að $\frac{5}{8}$ hlutum á þennan lið, en $\frac{3}{8}$ á 12. gr. V.

V. Í áætlun ríkisspítalanna er gert ráð fyrir 106.000 legudögum á næsta ári á Kleppi eftir stækkunina og tekjur eru áætlaðar samkvæmt því. Með því að legudagafjöldinn er óviss, þykir varlegra að reikna með hærri legudagafjölda til gjalda, og því eru þeir hér áætlaðir 112 000 á Kleppi og 14 500 annars staðar.

VI. Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsanna er áætlaður hinn sami sem í fjárlögum 1948, enda hafa sjúkrahúsin á þessu ári fengið allmikla hækkun á daggjöldum ríkisframfærslusjúklinga.

VII. Heilbrigðismálaráðuneytið leggur til, að sama fjárhæð verði veitt nú sem 1948.

VIII. Landlæknir áætla, að á næstu árum þurfi ríkissjóður að greiða byggingarstyrki til sjúkrahúsa og læknisbústaða, sem muni kosta um 15 milljónir króna. Ríkissjóður yrði að greiða $\frac{2}{5}$ þessarar fjárhæðar, ef greitt yrði í styrk hámark þess, sem lög nr. 33/1945 leyfa. Vegna mjög óvissrar fjárhagsafkomu ríkissjóðs á næsta ári er ekki veitt til þessa nema kr. 500 000.00 í frumvarpinu.

IX. Landlæknir gerir grein fyrir því, að fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri muni kosta um 5 millj. króna. Ef hámarksstyrkur yrði greiddur skv. lögum 33/1945, $\frac{2}{5}$

hlutar kostnaðar, yrði ríkissjóður að greiða um 3 milljónir króna af andvirði hússins. Þegar hafa verið greiddar kr. 970 000.00, og eru þá eftir um 2 millj. króna, sem landlæknir leggur til, að greiddar verði á næstu 2 árum. Heilbrigðismálaráðuneytið leggur þó ekki til hærri styrkgreiðslu 1949 en 300 000 kr., og er sú fjárhæð sett í frumvarpið.

X. Með tilliti til þess að bólusetningarkostnaður hefur á árunum 1945—1947 numið til jafnaðar 13—14000 kr. á ári, er hann nú áætlaður kr. 15 000.00.

XI. Helzt óbreytt frá fyrra ári. Venjulega er ekki þörf að grípa til þessarar fjárveitingar. Ef hins vegar þarf að gera einhverjar sóttvarnarráðstafanir, má búast við að fjárhæðin hrökkvi skammt.

XII. Kostnaður þessi hefur undanfarin ár látið nærri áætluninni. Hann verður því óbreyttur.

XIII.—XIV. eru fastir launaliðir óbreyttir.

XV. Kostnaður þessi hefur á árunum 1945—1947 numið um kr. 12 000.00 til jafnaðar á ári.

XVI. Óbreytt.

XVII. Fastur launaliður, óbreyttur.

XVIII. Styrkir samkv. þessum lið hafa aukizt mjög síðustu ár, bæði vegna bættra samgangna og vegna þess, að í vöxt fer greining sjúkdóma, sem virkar aðgerðir þekkjast við á völdum stöðum erlendis, en ekki eru tók á að framkvæma hér. Þó er ekki gert ráð fyrir nema kr. 20.000.00.

XIX. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra nam rúmum kr. 260 000.00 á fardagaárinu 1946—1947, en þá var greitt samkv. kjarabótun þeim, sem ljósmæðurnar fengu á árinu 1947. Í frumvarpinu er liðurinn áætlaður kr. 270 000.00.

Um 13. gr. A.

I. 1. Laun eru nokkru lægri en í núgildandi fjárlögum.

2. Annar skrifstofukostnaður mun fara nokkuð fram úr áætlun í ár, einkum vegna þess að húsnæði hefur verið aukið töluvert. Með tilliti til þessa er þessi kostnaður áætlaður kr. 150 000.00.

3. Kostnaður þessi varð kr. 342 000.00 1947 og kr. 340 000.00 1946. Ef gera á ráð fyrir, að jafnmikil ferðalög verði nauðsynleg á næsta ári sem 1946 og 1947, er tilgangslaut að áætla ferðakostnaðinn miklu lægri. Hér er þó ekki gert ráð fyrir meiru en kr. 300 000.00.

II. 1. Vegamálastjóri leggur til, að veittar verði 7 milljónir króna til nýrra akvega. Eins og fjárhagsafkomu ríkissjóðs er nú komið er langt frá því, að hægt sé að taka þessa tillögu til greina. Fjármálaráðuneytið leggur til, að veittar verði 3 milljónir króna í þessu skyni, og þær verði notaðar til aðalsamgönguleiðanna, en verði ekki dreift til smávegagerða víða um landið. Það er vitað mál, að stórfé má spara við það að hætta slíkri dreifingu sem þeirri, er lögfest hefur verið á síðustu árum.

2. Til viðhalds og endurbóta þjóðveganna var varið kr. 11 847 000.00 1946 og kr. 13 960 000.00 1947. Í ár eru veittar kr. 9 000.000.00 til þessa og reynist algerlega ónóg fjárhæð, eins og vegamálastjóri gerir grein fyrir í tillögum sínum.

Að athuguðu máli telur ráðuneytið, að ekki sé fært að veita hærri fjárhæð til viðhalds þjóðvegnum en 9 milljónir króna, og verður hún að nægja að þessu sinni. Það skal hér tekið fram, að hér er ekki um áætlunarfjárhæð að ræða í fjárlögnum, og er ætlað til þess, að það viðhald, sem ekki næst með 9 milljón króna fjárveitingu, sitji á hakanum.

III. Um sundurliðunina á fjárveitingu til brúargerða er svipað að segja sem um þjóðvegina. Í tillögum sínum gerir vegamálastjóri grein fyrir brúaþörfinni.

IV. Fjallvegum hefur fjölgað, og þarf nú meira fé til viðhalds þeirra en áður.

Um 13. gr. B.

I. Strandferðakostnaðurinn hefur aldrei verið sundurliðaður í fjárlögum, þótt til þess hafi ekki verið minni ástæða en sundurliðun á ýmsum öðrum liðum þeirra. Farið hefur verið eftir tillögum skipaútgerðarinnar um áætlun á kostnaðinum, og hefur samgöngumálaráðuneytið engar athugasemdir við þær gert. M/s Þyrill er ekki rekinn fyrir reikning skipaútgerðarinnar og er heldur ekki strandferðaskip í venjulegum skilningi. Rekstur þess skips er rétt að fara á 3. gr. A., og er það gert í frumvarpinu.

Gert er ráð fyrir því, að „Súðin“ verði seld bráðlega og að henni verði ekki haldið út á næsta ári. Er því felldur niður rekstrarhalli af útgerð hennar, kr. 510 000.00. Ráðuneytið vill taka það fram, að nauðsyn ber til þess að reyna að auka svo tekjur skipaútgerðarinnar, að strandferðirnar beri sig. Þá vill ráðuneytið einnig vekja athygli á því, að vöruafgreiðslan er áætluð með rekstrarhalla í tillögum skipaútgerðarinnar, en það telur ráðuneytið ófært og fellir burtu þann gjaldalið úr áætluninni í trausti þess, að rekstri hennar verði komið í það horf, að hún beri sig.

Liðurinn til vöruflutninga til Örafra er felldur burtu, enda hefur engin tillaga borizt um hann, en gert er ráð fyrir, að hann verði færður undir II., ef hann verður tekinn upp og verði innifalinn í styrkfjárhæðinni, sem veitt verður á þeim lið.

II. Engin tillaga hefur borizt um fjárveitingu til bátaferða á flóum etc. Lagt er til, að kr. 300 000.00 verði á næsta ári varið til þessa.

III. Póststjórnin hefur með höndum rekstur sérleyfisbifreiða á leiðunum Reykjavík—Akureyri og Reykjavík—Hafnarfjörður. Rekstur þenna er rétt að fara á 13. gr. fjárlaga svo sem strandferðir, og er það gert nú, en áður hafði hann verið færður með póstkostnaði á 3. gr.

Í tillögum póst- og símamálastjórnarinnar til fjárlagaáætlunar 1948 er gert ráð fyrir kr. 2 300.000.00 kostnaði við rekstur bifreiðanna í ár og jafn miklum tekjum. Þetta er ósundurliðað, enda mun ekki hafa verið komin reynsla á reksturinn. Nú eru tillögurnar sundurliðaðar, rekstrarkostnaður áætlaður mun hærri og tekjur einnig.

Ráðuneytið vill vekja athygli á því, að enginn hagnaður er áætlaður af flutningum þessum, en þó var talið, að á undanförnum árum, er flutningarnir voru í höndum einstaklinga, hafi verið mjög góður hagnaður af þeim á stundum.

IV. Kostnaður við Ferðaskrifstofu ríkisins hefur ekki verið áætlaður fyrr í fjárlögum. Nokkuð álitamál kann að vera, undir hvaða grein fjárlaganna hún á að falla, en réttast þótti þó að fara hana hér. Samgöngumálaráðuneytið hefur fallizt á tillögur forstjóra ferðaskrifstofunnar, og eru þær teknar óbreyttar í frumvarpið. Gert er ráð fyrir rekstrarhalla, kr. 200.000.00, sem greiðist úr sérleyfissjóði.

V. Óbreytt að öðru en því, að fjárveitingin til bókasafns verkamanna er hækkuð um kr. 2000.00.

VI. 1. Óbreytt.

2. Framlagið til sýsiuvegasjóða er bundið með lögum nr. 50/1947 og áætlast kr. 800.000.00. Framlagið var í fyrra áætlað allt of lágt.

VII. Óbreytt.

VIII. Hækkar um kr. 1000.00.

Styrkur til vetrarflutninga er felldur niður, sbr. greinargerð vegamálastjóra.

IX. Óbreytt að mestu, en engin sundurliðun fyrirskipuð í frumvarpinu.

X—XIII. Óbreytt.

XIV. Vegna hækkunar tryggingariðgjalda er fjárhæð þessi áætluð kr. 200 000.00. Árið 1947 reyndist hún kr. 288.400.00, en dagsverkum verkamanna hefur fækkað töluvert undanfarið vegna aukinnar vélanotkunar og lækka því iðgjöldin. Til iðgjaldahækkunarinnar hefur ekki verið tekið tillit í núgildandi fjárlögum.

XV. Orlofsfé mun vera of lágt áætlað í núgildandi fjárlögum og er hér hækkuð um kr. 50 000.00.

Um 13. gr. C.

I. Launin lækka, vegna þess að það er einum verkfræðingi færra á launum nú en gert er ráð fyrir í nágildandi fjárlögum. Hins vegar hafa bætt við aldurshækk-anir á laun.

II. Laun vitavarða eru áætluð nokkru lægri en í ár með hliðsjón af útkomu árs-ins 1947.

III. Rekstrarkostnaður vitaskipsins er með tilliti til reynslu ársins 1947 áætlaður kr. 550 000.00, en annar rekstrarkostnaður vitanna en sá, sem þegar er talinn, er með hliðsjón af hinu sama áætlaður kr. 50 000.00 lægri en í ár.

IV.—VII. Óbreytt.

VIII.

IX. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 93/1943 skal ríkissjóður leggja fram til hafnarbótasjóðs kr. 300 000.00 á ári.

Samkvæmt 4. gr. sömu laga, sbr. 1. gr. laga nr. 25/1945, skal endurgreiða úr ríkissjóði í hafnarbótasjóð þau framlög, sem úr honum eru lögð til viðbótar ríkissjóðsframlagi til hafnargerða skv. fjárlögum. Niðurlag síðarnefndu lagagreinarinnar mun eiga að skilja svo, að endurgreiðslurnar skuli verða innlar af hendi á næstu þremur árum, eftir að framlagið var lagt fram úr hafnarbótasjóði.

Fyrsta framlagið til hafnarbótasjóðs var greitt:

1944	kr. 3 000.000.
1945 voru greidd framlögin samkv. 2. gr. fyrir árin	
1944 og 1945	--- 600 000.
1946 var greitt framlagið skv. 2. gr. fyrir árið 1946	--- 300 000,
og endurgreiðsluframlag skv. 4. gr.	kr. 1 500.000
1947 var greitt framlagið skv. 2. gr. fyrir árið 1947	-- 300 000,
og endurgreiðsluframlag skv. 4. gr.	-- 850.000
Fram til 1. okt. 1948 hefur verið greitt framlagið	
samkv. 2. gr. fyrir árið 1948	--- 300 000.
og endurgreiðsluframlag samkv. 4. gr.	— 200 000

Kr. 2 550 000 kr. 4 500 000.

Viðbótarframlög til hafnarfrankvæmida úr hafnarbótasjóði hafa verið þessi:

1945 kr. 1 360 000.00, sem endurgreiða á úr ríkissjóði á árunum 1946—1948.

1946 — 2 118 500.00, — — — — — 1947—1949.

1947 — 2 543 691.90, — — — — — 1948—1950.

1948 — 880 805.90, — — — — — 1949—1951.

Samkvæmt framansögðu hefur þegar verið endurgreitt viðbótarframlagið, sem átti að endurgreiðast á árunum 1946—1948, kr. 1 360 000.00 og kr. 1 190 000.00 af því. sem endurgreiða átti á árunum 1947—1949.

Ef greidd verður á þessu ári sú 1 milljón króna, sem eftir stendur af fjárveit-ingum til hafnarbótasjóðs í fjárlögum þessa árs, verður búið að inna af höndum endurgreiðsluna á viðbótarframlögum, sem greidd voru úr hafnarbótasjóði 1945 og 1946 og kr. 71 500.00 betur.

Nú er afkoma ríkissjóðs þannig, að ráðuneytið telur ekki verjandi að gera ráð fyrir endurgreiðslu í hafnarbótasjóð á næsta ári og telur þar að auki sjálfsagt, að framlagið, sem veitt verður í fjárlögum næsta árs hafnargerðum þeim, sem viðbótar-framlags hafa notið, verði látið ganga upp í endurgreiðsluna til hafnarbótasjóðs.

Um 13. gr. D.

I. Kostnaður við stjórn flugmálanna er nú áætlaður kr. 44 000.00 hærri en í ár. Liðurinn er nú nokkuð sundurliðaður í fjárlagafrunvarpinu.

Laun 4 flugráðsmanna eru áætluð kr. 2000 á mann, auk verðlagsuppbótar, samtals kr. 24 000.00, en auk þessa laun formannsins, sem einnig er flugvallarstjóri, kr.

3 900.00 á ári, auk verðlagsuppbótar. Þegar kr. 11 900.00 í grunn bætast við áætlun flugráðsins verður því enn kr. 35 700.00 hækkun á þessum lið.

II. 1. Reykjavíkurlugvelli er ætlað að bera af kostnaði við flugumferðarstjórn laun 4 aðstoðarflugumferðarstjóra kr. 91 800.00, 30% af fyrningu á radiotækjum í flugturni -- 4 500.00 og af „öðrum kostnaði“ við flugumferðarstjórn -- 55 000.00

Samtals kr. 151 300.00.

Er þetta samkvæmt alþjóðasamningi.

2. Kostnaður við slökkviliðsdeild er hér sundurliðaður. Hann er áætlaður kr. 10 000.00 hærri en í núgildandi fjárlögum.

3. Liður þessi er einnig sundurliðaður og áætlaður litlu hærri en í ár. 40% er áætluð þátttaka annarra flugvalla í kostnaði þessum, dregin frá hér en færð undir III.

4. Vélaverkstæðiskostnaður er hér einnig sundurliðaður og áætlaður rúmum kr. 70 000 hærri en í ár. Af þessum kostnaði er öðrum flugvöllum ætlað að borga 40%.

5. Liður þessi er áætlaður kr. 126 000 lægri en í núgildandi fjárlögum. Gert er ráð fyrir, að 40% af vinnu smiðanna sé í þágu annarra flugvalla, og færast andvirði hennar á III.

6. og 7. Kostnaður þessi var í núgildandi fjárlögum áætlaður miklu lægri en hér, sennilega allt of lágt.

III. Rétt þótti að áætla sérstaklega kostnaðinn við Reykjavíkurlugvöll og taka aðra flugvelli, sem sé Vestmannaeyja- og Melgerðisflugvöll í einu lagi. Viðhald þeirra og endurbætur er áætlað kr. 50 000 hærri en í núgildandi fjárlögum. Fyrir þátttöku- unni í kostnaðinum við Reykjavíkurlugvöll er gerð grein hér að ofan. Annar kostnaður er áætlaður 64 000 kr.

IV. Flugumferðarstjórnarkostnaður er nú nokkuð sundurliðaður í frumvarpinu. Allur er kostnaðurinn áætlaður kr. 687 200.00. Eins og að framan getur ber Reykjavíkurlugvöllur kr. 151 300.00 af þeim kostnaði, en af afganginum kr. 535 900.00 ber ríkissjóður samkv. alþjóðasamningi 17½%, en 82½% endurgreiðist með alþjóðatillagi.

V. Kostnaðurinn á þessum lið er áætlaður eins og í núgildandi fjárlögum. Af honum endurgreiðist samkv. alþjóðasamningi 95%.

VI. Rekstur fjarskiptistöðva, sem stöðugt er að fjölga, er áætlaður helmingi hærri en í núgildandi fjárlögum.

VII. Blindflugskólakostnaðurinn er sundurliðaður nokkuð í frumvarpinu og gjöldin áætluð kr. 20 000.00 lægri en í ár. Tekjurnar eru áætlaðar helmingi lægri en í ár.

VIII. Ferðakostnaður og mælingaskostnaður er áætlaður rúmum 30 000.00 kr. hærri en í ár.

IX. Kostnaður þessi er áætlaður óbreyttur frá þessa árs fjárlögum. Tillagið til ICAO er umsamið.

X. Hér eru talin laun 4 nema í flugumferðarstjórn.

XI. Óbreytt.

XII. Áætlað helmingi herra en í ár.

XIII. Af tillögum póst- og símamálastjórnarinnar til áætlunar á rekstrargjöldum landssímans má sjá, að kostnaður símans vegna flugþjónustunnar er áætlaður kr. 2 648 000. Af kostnaðinum á ICAO samkv. samningi að greiða 82½%, sem þá áætlast kr. 2 184 600, en afgangurinn færast hér.

XIV. Vísast til athugasemdanna við 15. gr. IV. 2.

Tekjur flugvallanna eru ákveðnar með gjaldskrá nr. 123/1946 og nr. 89/1947.

Tekjur Reykjavíkurlugvallar sundurliðast svo:

Leiga fyrir benzíngeyma	kr.	200 000.00
Leiga fyrir flugskýli	--	200 000.00

Aðrar leigur	kr.	30 000.00
Lendingargjöld	—	40 000.00
Benzíngjald	—	230 000.00
		<hr/>
	Kr.	700 000.00
Af Keflavíkurflugvelli:		
Lendingargjöld	kr.	200 000.00
Benzíngjöld	—	1 000.000.00
		<hr/>
	Kr.	1 200 000.00

Um 14. gr. A.

I. 1. Laun hafa hækkað um eina aldursuppbót skrifstofustúlku.

2. Undanfarið hefur kostnaður við ljós og hita íbúðar biskupsins verið greiddur úr ríkissjóði, og verið færður á 19. gr. Með því að kostnað þenna mun eiga að halda áfram að greiða, er rétt, að hann komi hér á réttan lið fjárlaganna. Kostnaðurinn varð kr. 4 510.86 árið 1947 og áætlast nú kr. 4 500.00.

5. Ferðakostnaður biskups er ákveðinn kr. 8 000.00 eftir tillögu kirkjumálaráðuneytisins.

II. 1.—3. Laun sóknarpresta og prófaste og embættiskostnaður greiðast úr prestlaunasjóði. Samkvæmt lögum nr. 46/1907 voru tekjur prestlaunasjóðs þessar:

1. Eftirgjald af fasteignum prestakalla, arður af ítökum og prestsmata.
2. Sóknartekjur, þ. e. preststíundir, offur, lausamannsgjald, lambsfóður og dagsverk eða niðurjöfnunargjald.
3. Vextir af innstæðufé eða peningum prestakalla.
4. Framlög úr landssjóði, enda leggi landssjóður fram fé það, sem vanta kann, til þess að prestar og prófastar fái greidd laun sín og prestar eftirlaun sín af hinum öðrum tekjum sjóðsins.
5. Sektir samkvæmt lögum.

Með lögum nr. 40/1909 var preststíund af fasteign og lausafé, offur, lausamannsgjald, lambsfóður og dagsverk afnumið frá fardögum 1909, en í stað þess kom prestsgjald í prestlaunasjóð, sem einn hluti sóknargjalda.

Prestsgjaldið var felld niður með lögum nr. 73/1941, og kom ekkert í þess stað í prestlaunasjóð. Tekjur sjóðsins samkv. 2.-lið 24. gr. laga nr. 46/1907 eru því horfnar.

Með lögum nr. 92/1936 var 1. töluliður 24. gr. laga nr. 46/1907 úr gildi numinn, og eru þá eftir tekjur samkv. 3.—5. tölulið. Prestslaunin, sem sjóðurinn átti að miklu leyti að standa undir, eru nú orðin hátt á þriðju milljón króna, en tekjur sjóðsins eru innan við 50 000.00 á ári. Hann er því ekki orðinn annað en nafnið tómt. Því er nú til hægðarauka hætt við að færa prestlaunasjóðinn sérstaklega, og er hann alveg felldur inn í ríkissjóðinn í ríkisbókhaldinu. Tekjur þær, sem samkv. lögum eiga að renna í prestlaunasjóð, færast sem óvissar tekjur á 5. gr. fjárlaga, og greiðslur þær, sem inna ber af hendi úr prestlaunasjóði verða færðar á 14. gr. A. og 18. gr. fjárlaganna. Því er nú ekkert framlag úr prestlaunasjóði fært til frádráttar prestlaununum í fjárlögum, enda var í rauninni rangt að orði komizt, er framlagið átti að koma úr ríkissjóði.

Samkvæmt launaskrá eru grunnlaun sóknarpresta nú kr. 878 550.00. Grunnlaun pófaste kr. 13 800.00 og grunn-embættiskostnaður kr. 67 650.00, og verður ekki nær komizt réttari áætlun 1949.

4. Eftir tillögum kirkjumálaráðuneytisins er veitt sama fjárhæð til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestsetrum, enda er þörfin talin mikil.

5. Nýr liður. Kostnaði þessum var áður ávísað úr prestlaunasjóði. Fardagaárið 1945—1946 varð hann kr. 31 810.53 og er nú áætlaður kr. 30 000.00.

IV. Eftir tillögum kirkjumálaráðuneytisins hefur fjárveiting til eflingar kirkju-

söngs verið hækkuð um kr. 7 500.00, húsaleigukostnað og annan óhjákvæmilegan kostnað vegna söngkennslu.

V.—VI. Óbreytt frá fyrra ári.

VII. Kirkjumálaráðuneytið leggur til, að styrkurinn til kirkjublaðsins verði hækkaður, með því að fjárhagur þess sé erfiður og blaðið kosti aðeins kr. 15.00 á ári. Þetta ráðuneyti vill ekki fallast á hækkun styrksins og leggur ekki til slíka hækkun í frumvarpinu.

Um 14. gr. B.

I. a. 1. Samkvæmt launaskrá eru grunnlaun nú kr. 383 832.00, en voru í fyrra kr. 395 400.00. Mismunurinn stafar aðallega af því, að laun dr. Gunnl. Claessens munu hafa verið færð á launaskrá háskólans í fyrra. Grunnlaunin verða í frumvarpinu áætluð kr. 383 850.00 eins og háskólarektor leggur til. Á laun sendikennaranna kemur engin verðlagsuppbót.

3. Hiti, ljós og ræsting kostaði kr. 183 500.00 árið 1947, og er ekki fært að áætla þann kostnað lægri 1949. Hann verður því áætlaður kr. 185 000.00.

4.—10. Allir þessir liðir eru óbreyttir frá núgildandi fjárlögum.

11. Fjárveitingin til verkfræðideildar er hækkuð um kr. 20 000.00, enda hefur nú verið bætt við kennara í stað Steinþórs Sigurðssonar, sem tók laun sín hjá rannsóknarráði.

12—13. Óbreytt.

14. Samkvæmt nýju fræðslulögum er gert ráð fyrir því, að kennaraefni við skóla gagnfræðastígsins hljóti kennslu í uppeldis- og kennslufræðum við háskólann. Námsstíminn er ætlaður minnst eitt háskólamisseri og búizt við, að komizt verði af með eitt námsskeið á ári fyrst um sinn. Kostnaðaráætlunin er miðuð við það.

15. Gert er ráð fyrir því, að íþróttahús háskólans borgi sig með því að reikna leigu fyrir afnot stúdenta af því. Sú leiga er ákveðin kr. 13 500.00.

16. Með tilliti til þess að ýmis gjöld reyndust árið 1947 kr. 169 242.00 verður að áætla þau miklu hærri 1949 en gert er í núgildandi fjárlögum. Með tilliti til þess að í ofangreindum liðum er tekinn nokkur sá kostnaður, sem 1947 var færður á ýmis gjöld, er liðurinn áætlaður kr. 140 000.00 í frumvarpinu.

b. Samkvæmt launaskrá virðast vera óráðnir nokkrir starfsmenn, sem menntamálaráðuneytið telur nauðsynlega. Það ráðuneyti leggur til, að grunnlaunin verði áætluð kr. 74 900.00 og er því fylgt hér.

Til annars kostnaðar leggur menntamálaráðuneytið til, að veittar verði kr. 150 000.00, og er það nokkru lægra en forstöðumaður tilraunastofunnar leggur til. Er hér farið eftir tillögum ráðuneytisins.

Stofnun þessi er svo ung, að ekki er enn hægt að byggja á kostnaði fyrri ára við hana.

Tekjur eru áætlaðar óbreyttar.

II. a. og b. Óbreytt fjárveiting samkv. tillögum menntamálaráðuneytisins.

c. Háskólaráðið annast nú um störf leiðbeiningaskrifstofunnar. Fjárveiting er óbreytt samkv. tillögu menntamálaráðuneytisins.

d. Fjárveiting óbreytt.

III. Menntamálaráðuneytið áætlar kostnaðinn við fræðslumálastjóraembættið óbreyttan frá núgildandi fjárlögum.

IV. Launabreytingin er sú, að Bogi Ólafsson, yfirkennari, lætur af störfum, en í hans stað kemur væntanlega maður á byrjunarlaunum. Menntamálaráðuneytið leggur til, að fjárveitingin til skólans verði að öðru óbreytt en því, að náms- og húsaleigustyrkir verði hækkaðir í kr. 20 000.00.

V. Laun eru óbreytt. Stundakennsla er áætluð nokkru lægri en í fjárlögum 1948. Hiti, ljós og ræsting er hækkuð um kr. 15 000.00 með tilliti til þess, að sá kostnaður varð í fyrra kr. 74 482.00. Annað er óbreytt nema ýmis gjöld, sem eru áætluð kr. 65 000.00, enda er prófkostnaður þar með talinn.

VI. Laun hafa hækkað, er einum kennara var bætt við haustið 1947. Stundakennsla er áætluð mun lægri en áður. Hiti, ljós og ræsting virðist hafa verið áætluð of hátt í nágildandi fjárlögum, og er lækkað með tilliti til þess sem kostnaðurinn reyndist 1947. Námsstyrkir eru hækkaðir um kr. 5 000.00. Annar kostnaður virðist hafa verið of lágt áætlaður undanfarið og reyndist kr. 64 651.00 1947. Er nú áætlaður kr. 50 000.00.

VII. Bætt verður við einum kennara á föstum launum, en stundakennslukostnaður lækkar að sama skapi. Annar kostnaður er áætlaður nokkru hærri en í ár, en annað er óbreytt.

VIII. Stundakennslukostnaður í vélstjóráskólanum er áætlaður allmiklu hærri en í ár, vegna þess að í ráði er að tvískipta einum bekk. Hiti, ljós og ræsting og ýmis gjöld er áætlað með hliðsjón af reynslu ársins 1947.

IX. Laun húsvorðar hækka um eina aldurshækkun. Í fjárhæðinni er innifalinn greiðsla til húsvorðar kr. 200.00 á mánuði í grunn fyrir reikningshald. Auk þessa hefur húsvorðurinn laun fyrir stundakennslu.

X. 1. Laun eru óbreytt. Kostnaður er áætlaður nokkru hærri en í nágildandi fjárlögum. Til viðhalds er áætlað kr. 10 000.00 hærri fjárhæð en í ár. Til endurbóta á fjósi er óskað fjárveitingar fyrir kr. 110 000.00. Annar kostnaður er áætlaður kr. 10 000.00 hærri en í nágildandi fjárlögum, og veitir sjálfsagt ekki af.

Í tillögum skólastjórans, sem landbúnaðarráðuneytið hefur engar athugasemdir gert við, er óskað fjárveitinga fyrir kaupum á 2 votheysturnum kr. 24 000.00, framlagi til byggingar kennarabústaðar kr. 50 000.00 og til byggingar verkfærageymslu kr. 46 000.00, en allt þetta á að færast á 20. gr., ef fé verður til þess veitt.

2. Stíðastliðið haust var ráðinn kennari við skólann til viðbótar. Launin hækka því. Kostnaður við hita, ljós og ræsting varð rúmlega 50 000 kr. s. l. ár, óg er því áætlaður svipaður hér.

Lagt er til, að varið verði til verkfærakaupa 40 000 kr., en ekki þykir ástæða til þess að hækka fjárveitinguna frá nágildandi fjárlögum. Ekki er heldur ástæða til þess nú að auka fjárveitingu til verkfærasafns. Í tillögum skólastjórans er farið fram á 200 000 kr. fjárveitingu til viðgerðar á fjósi staðarins, en tekið er fram, að fjárhæðin sé að nokkru miðuð við að greiða skuld, sem myndast hafi á þessu ári, vegna þess að meiru var eytt en fjárlög 1948 heimiluðu. Ef gert er ráð fyrir, að helmingur fjárhæðarinnar renni til þessa, verða aðeins veittar kr. 100 000.00 í frumvarpinu, með því að því, sem eytt er umfram í ár, ber að ávísa á venjuleg aukafjárlög.

Fé til stofnkostnaðar rafveitu, sem lagt er til, að veitt verði, ber að veita á 20. gr. fjárlaganna. Ekki verður að þessu sinni tekin upp fjárveiting til vélaverkstæðis eða til viðgerðar á leikfímishúsi, sem skólastjórinn leggur til, að veitt verði.

3. a. og b. liðir eru óbreyttir frá þessa árs fjárlögum. Sömuleiðis c-liður, þótt skólastjóri leggi til 5000 króna hækkun. Viðhald skólahúsa varð árið 1946 kr. 44 995.70, rúmlega 45 000.00 árið 1947, og enn er farið fram á kr. 50 000.00 fjárveitingu til viðhalds húsanna 1949. Landbúnaðarráðuneytið telur fjárveitinguna eðlilega, enda er hér um mörg gróðurhús að ræða, sem fljótt ganga úr sér. Í tillögum skólastjórans er 57 000 kr. fjárveiting til garðyrkjutilrauma. Ekki verður fallið á að veita þetta fé að svo stöddu.

XI. Samgöngumálaráðuneytið leggur til, að fjárveitingar til iðnfræðslu verði óbreyttar.

XII. Áætlaður nemendafjöldi Verzlunarskólans er 370 og Samvinnuskólans 60.

XIII. 1. Samkvæmt launalögum nr. 60/1945 greiðir ríkissjóður $\frac{2}{3}$ launa barnakennara í kaupstöðum, en $\frac{1}{3}$ launa barnakennara í sveitum. Þessi hluti ríkissjóðs áætlast nú kr. 2 000.000.00 og reyndist 1947 rétt rúmlega sú fjárhæð. Hins vegar á ríkissjóður að greiða verðlagsuppbót á öll kennaralaun, bæði sinn hluta og hluta bæjar- og sveitarfélaga. Á árinu 1947 voru greiddar kr. 6 337 þús. í verðlagsuppbót,

miðað við vísitölu 315. Með vísitölu 300 hefði sú fjárhæð orðið mjög nálægt 6 milljónum, en grunnlaunin reyndust þá 2 067 þús. kr. Verðlagsuppbótin ætti því nú að áætlast tæpar 6 milljónir, en með því að grunnlaunafjárhæðin mun vera áætluð í það nægsta, er verðlagsuppbótin áætluð réttar 6 milljónir kr.

2. Grunnlaunahluti ríkissjóðs af launum farkennara varð 1947 ca. kr. 297 000.00, en verðlagsuppbót ca. kr. 850 000.00, miðað við vísitölu 315. Miðað við vísitölu 300 yrði verðlagsuppbótin tæpar 810 þús. kr. Hér verður verðlagsuppbótin miðuð við kr. 300 þús. grunnlaunahluta ríkissjóðs áætluð kr. 800 þús.

3.—4. Óbreytt frá núgildandi fjárlögum.

5. Hækkar um kr. 50 000.00 eftir tillögu menntamálaráðuneytisins.

6. Fræðslumálastjóri leggur til, að veittar verði kr. 5 000 000.00 til styrktar byggingu barnaskóla, en menntamálaráðuneytið lækkar þá fjárhæð niður í kr. 4 000 000.00. Þetta ráðuneyti telur ekki fært að veita meira fé í þessu skyni á fjárlögunum en kr. 2 000 000.00, og verður þá að haga byggingarframkvæmdum eftir því, með því að hér verður ekki um áætlunarfjárhæð að ræða í fjárlögunum.

7. og 8. Lækka lítils háttar með tilliti til reynslu ársins 1947.

9. Óbreytt.

10. Samkvæmt 51. gr. laga nr. 34/1946 skal ríkissjóður endurgreiða bæjar- og sveitarsjóðum $\frac{1}{4}$ hluta kostnaðar þess, sem á þeim hvílir af rekstri barnaskóla. Ákvæði greinar þessarar koma fyrst til framkvæmda á þessu ári, og er mjög erfitt að fara nærri lagi um fjárhæð þá, sem ríkissjóður þarf að greiða. Menntamálaráðuneytið áætlar hana 1 500 000 kr., og má vera, að það sé ekki of hátt áætlað.

11. og 12. Óbreytt.

13. Samkv. 112. og 113. gr. almannatryggingalaganna nr. 50/1946 bar ríkissjóði að greiða iðgjöld vegna kennara og annarra starfsmanna við barnafræðsluna árið 1947, rúml. kr. 138 000.00. Að sjálfsögdðu ber að greiða iðgjöld þessi fyrir alla starfsmenn ríkisins, en með því að ekki verður há fjárhæð á hvern lið fjárlaga nema þá, sem fela í sér háar launagreiðslur, eru iðgjöldin áætluð í ýmsum gjöldum, enda aldrei hægt að áætla þau svo nákvæmlega, að máli skipti, hvort iðgjöld þessi færast þar eða ekki. Á 14. gr. B. XIII. er enginn liður fyrir ýmis gjöld, og iðgjaldafjárhæðin er svo há, að rétt er að færa hana sérstaklega hér, og er hún áætluð kr. 140 000.00.

XIV. 1. Fjárveitingar til Eiðaskóla eru óbreyttar að öðru en því, að kostnaður við hita, ljós og ræsting er hækkaður um 10 000 kr., og viðhaldskostnaður skólahúsa um jafnháa fjárhæð. Liðurinn til viðgerðar rafstöðvarinnar fellur niður.

2. Kennarar við gagnfræða- og héraðsskóla eru launaðir úr ríkissjóði, sbr. 54. gr. l. 48/1946. Grunnlaun þeirra eru áætluð kr. 800 000, og er sú fjárhæð miðuð við raunverulegar launagreiðslur til þeirra nú. Samkvæmt nefndri lagagrein greiðir ríkissjóður styrk til stundakennslu í skólunum, en alger óvissa er um það enn, hve miklu sá styrkur nemur, með því að enn hafa engar skýrslur horizt um stundakennsluna.

Annar rekstrarkostnað skólanna en laun og stundakennslukostnað greiða skóla-sjóðir. Tekjur þeirra sjóða, sem taldar eru í ofannnefndri lagagrein eru ekki áætlaðar að hrökkva fyrir þessum kostnaði, og lendir þá helmingur þess, sem á vantar, á ríkissjóði. Það er algerlega óvíst enn hve miklu þetta nemur, en menntamálaráðuneytið hefur áætlað þenna kostnað og stundakennslustyrkinn samtals kr. 800 000.00, og verður því fylgt hér.

3. Um þenna lið er sama að segja sem um XIII 6. Menntamálaráðuneytið vill veita til styrkjanna kr. 3 000 000.00, en þetta ráðuneyti treystist ekki til að leggja til hærri fjárhæð en 1,4 milljón króna, sem ekki má skoðast áætlunarfjárhæð.

4.—11. Óbreytt samkvæmt tillögum menntamálaráðuneytisins.

XV. 1. Hluti ríkissjóðs í rekstrarkostnaði húsmæðraskólanna, öðrum en launum, er áætlaður kr. 750 000.00.

2. Til styrktar byggingu húsmæðraskóla leggur menntamálaráðuneytið til, að

veittar verði kr. 750 000.00, en þá fjárhæð lækkar fjármálaráðuneytið niður í kr. 400 000.00, og gildir hið sama um þenna lið sem XIII. 6. og XIV. 3.

3. Óbreytt að niðurstöðu.

4. Laun námsstjóra hækka lítils háttar.

5. Óbreytt.

XVI. 1. Laun og stundakennsla eru óbreytt frá fjárlögum 1948. Til íþróttatækja er veittar kr. 5 000.00. Ræsting og húsaleiga er áætlað óbreytt, en bætt er við nýjum lið til lagningar íþróttavallar kr. 25 000.00.

2. Í tillögum íþróttafulltrúa er gerð grein fyrir því, að fjárförf íþróttasjóðs sé kr. 1651 þús. Menntamálaráðuneytið leggur til, að ekki sé veitt meira en kr. 700 000.00 til sjóðsins á næsta ári, en þetta ráðuneyti lækkar fjárhæðina niður í kr. 500 000.00 og tekur fram, að hér er ekki um áællunar fjárhæð að ræða.

3.—8. Óbreytt.

9. Liður í fjárlögum 1948 fellur niður.

XVII. Laun eru óbreytt. Fæðiskostnaður og kaup starfstúlkna er áætlað svipað sem það varð 1947. Vegna veikinda og aldurs fastra kennara er nauðsynlegt að kosta meiru til aukakennslu en áður. Annar kostnaður er miðaður við reynslu ársins 1947.

XVIII.—XX. Óbreytt samkvæmt tillögum menntamálaráðs.

Liðirnir XXI. og XXII. í núgildandi fjárlögum eru felldir niður, með því að fullnægjandi skýrslur hafa ekki horizt um það, hvort kennsla og starfið, sem greitt er fyrir, fari fram ókeypis eða með mjög vægu verði. Menntamálaráðuneytið er samþykkt þessu.

XXI.—XXIV. Óbreytt samkvæmt tillögum menntamálaráðuneytisins.

XXVII. í núgildandi fjárlögum er felldur niður.

XXV.—XXVII. Óbreytt.

XXVIII. Samkvæmt tillögu menntamálaráðuneytisins er hér bætt við nýjum lið. Íslenzkir námsmenn hafa að undanfögnu haft styrki víða erlendis frá til náms. Er tilhlýðilegt, að hægt sé að endurgjalda slíkt.

Um 15. gr. A.

I. Fjárveitingin er að miklu leyti óbreytt frá fjárlögum 1948. Kostnaðurinn við samning spjaldskrár fellur niður.

II. Óbreytt frá fjárlögum 1948, nema bætt er við nýjum lið til ljósmyndunar handrita og útgáfu skjalaskrár 15 000 kr.

III. Launin lækka, vegna þess að Matthías Þórðarson hefur látið af störfum. Hann vinnur að vísu við safnið, en laun hans eru eftirlaun og færast á 18. gr.

4. og 5. liður eru hækkaðir eftir tillögum menntamálaráðuneytisins. Bætt er við fjárveitingu til viðhalds bæjarhúsa í Laufási og í Gröf á Höfðaströnd.

IV. Í fjárveitingu til safnsins á þessu ári var gert ráð fyrir nýjum starfsmanni með kr. 7 200.00 grunnlaunum. Þegar starfsmanninum var bætt við, voru grunnlaun hans ákveðin kr. 9 600.00 á ári. Bætt er við kr. 15 000.00 til kaupa á safnhirzlum og áhöldum, og kr. 4 500.00 til rannsókna og ferðakostnaðar. Ýmis gjöld eru hækkuð um kr. 7 500.00.

V. Óbreytt.

VI. Kostnaður við hita, ljós og opinber gjöld reyndist rúmar 20 000 kr. 1946 og virðist ofhátt áætlað í ár. Hann er lækkaður niður í kr. 22 000.00. Undanfarið hefur ekki verið áætlað fyrir ýmsum gjöldum, sem reyndust kr. 13 891.40 árið 1946. Þau eru nú áætluð kr. 12 000.00.

VII.—XIII. Óbreytt samkvæmt tillögum menntamálaráðuneytisins.

XIV. 1.—9. Sömu leiðis.

Liðirnir 10.—12. falla niður, með því að engin umsókn hefur borizt og engin skýrsla um námið.

Liðurinn XV. í núgildandi fjárlögum fellur niður af sömu ástæðum.

XV.—XIX. Óbreytt.

XX. Lækkað um helming. Gert er ráð fyrir, að kosta þurfi nokkru til viðhalds Þingvallabæjarins og til gangstíga um hraunið. Enn fremur til trjáræktar.

XXI. Óbreytt.

Um 15. gr. B.

I. 1. a. Bætt hefur verið við nýjum starfsmanni til aðstoðar við byggingarefnarannsóknir, en laun tveggja starfsmanna hafa verið færð á aðra liði.

b. Í tillögum forstöðumanns iðnaðardeildar er annar kostnaður deildarinnar, auk sameiginlegs kostnaðar, áætlaður kr. 250 000.00, og er það tæplega kr. 80 000.00 hækkun frá í fyrra. Tekjurnar eru hins vegar áætlaðar kr. 220 000.00, og er það 6000 kr. hækkun. Forstöðumaðurinn mun hafa áætlað tekjurnar í ár með tilliti til þess, að gjöldin yrðu hærri, en gjöldin munu hafa verið færð niður frá áætlun hans án þess að lækka tekjurnar.

2. a. Bætt hefur verið við starfsfólki, og í ráði er að bæta við svo, að grunnlaunin hækka um kr. 17 900.00 frá fjárlögum 1948.

b. Annar kostnaður er hækkaður um kr. 25 000.00 frá fjárlögum 1948.

3. a. Bætt hefur verið við einum efnafræðingi með 9 600 kr. grunnlaunum.

b. Í tillögum forstöðumanns deildarinnar er annar kostnaður áætlaður rúmlega kr. 240 000.00, nálega kr. 100 000.00 hærri en í núgildandi fjárlögum. Hér munar mestu um aukinn kostnað við jurtakynbætur og fræðisóknir, og fylgir frumvarpinu greinargerð fyrir þeim framkvæmdum. Ráðuneytið getur ekki fallizt á að veita meira en kr. 150 000.00 til þessa kostnaðar.

c. Tekjur og gjöld fjárræktarþúsins á Hesti eru áætluð jafnhá sem í núgildandi fjárlögum, en fjárveiting til stofnkostnaðar er hækkuð um 6000 kr.

d. Laun bústjóra og vinnumanna eru áætluð nokkru hærri en í núgildandi fjárlögum. Annar kostnaður, þar með talin kaup á búnaðarvélum, er einnig áætlaður nokkru hærri. Búrekstrinum er ætlað að bera sig að öðru leyti.

e. Nýr liður.

4. Vérlitunarstúlku hefur verið bætt við og laun annarrar hafa hækkað lítils háttar.

Húsnæði hefur verið tekið á leigu fyrir fiskideild og verkstæði, og bætist því við nýr liður fyrir þeim kostnaði kr. 48 240.00. Hiti, ljós og ræsting er nú áætlað að kosta kr. 20 000.00 meira en gert er ráð fyrir í núgildandi fjárlögum.

Þá er áætlaður kostnaður við viðgerð á þaki húss atvinnudeildarinnar kr. 40 000.00. Annar kostnaður er áætlaður kr. 21 500.00.

Tekjurnar frá Happprætti háskólans reyndust kr. 114 476.46 árið 1946 og áætlast nú kr. 100 000.00.

Í tillögum atvinnudeildarinnar, sem atvinnuáráðuneytið hefur engar athugasemdir gert við, er hvarvetna um hækkanir á kostnaði að ræða, og sums staðar er gert ráð fyrir nýju starfsfólki, sem fjármálaráðuneytið hefur ekki samþykkt ráðning á. Fjármálaráðuneytið á ekki annars úrskosta en að leggja tillögur þessar til grundvallar við áætlunina í frumvarpinu, en þó hefur það áætlað kostnaðinn við landbúnaðardeildina um 120 000 kr. lægri en tillögurnar gera, með tilliti til þess að ekki hefur verið samþykkt ráðning á nýju starfsfólki, sem áætlað er að bæta við þar. Samt eru nú ráðgerð ca. kr. 330 000.00 meiri útgjöld en í fjárlögum þessa árs.

II. Skrifstofa ríkisspítalanna hefur gert áætlun um tekjur og gjöld rannsóknarstofunnar, og er hún næstum samhljóða áætluninni í núgildandi fjárlögum. Árið 1947 urðu gjöldin, einkum launakostnaður, allmiklu hærri en hér er gert ráð fyrir. Nú flytjast 2 menn og verkefni þeirra yfir á rannsóknarstöðina á Keldum, en tekjur stofunnar lækka hlutfallslega meira en gjaldarýrninguninni nemur.

III. Eftir tillögum rannsóknarráðsins er kostnaður áætlaður hinn sami sem í núgildandi fjárlögum, en ekki er þó gert ráð fyrir kostnaði við þaraleitanir, með því að ekki er ljóst, hvort atvinnuáráðuneytið hefur fallizt á þær framkvæmdir.

IV. Sú breyting er frá fjárlögum 1946, að kostnaðurinn við almenna veðurþjónustu er áætlaður sérstaklega, en kostnaður við veðurþjónustu vegna millilandaflugs skilinn frá heildarkostnaði veðurstofunnar. ICAO greiðir samkvæmt samningi 82,5% af kostnaðnum vegna millilandaflugsins. Heildarkostnaðurinn er áætlaður tæpum 100 000 kr. hærri en í fjárlögum þessa árs. Endurgreiðslan frá ICAO er áætluð kr. 467 775.00, og verða því nettógjöld áætluð rúmar 375 000 kr. lægri en í fyrra.

Föst laun hækka nokkuð, en aukavinnukostnaður er áætlaður mun lægri. Til veðurathugana er áætluð heldur lægri fjárhæð en í ár, en allmiklu hærri til veðurskeyta og gerir veðurstofustjóri grein fyrir þeirri hækkun í fylgiskjali með frumvarpinu.

Í fjárlögum þessa árs er kostnaður við starfrækslu landskjálftamæla áætlaður kr. 73 000.00. Hér er raunar innifalið auðvirði nýrra mælingatækja, sem ekki munu verða keypt á þessu ári og því verður liðurinn ekki notaður nema að litlu leyti á þessu ári. Hins vegar eru kaupin áætluð á næsta ári og hér færð með kr. 60 000.00.

Þá er gert ráð fyrir stofnkostnaði við verkstæði, jafnhá fjárhæð sem í ár, og er þá gert ráð fyrir, að ekkert af þeirri fjárveitingu verði notað í ár.

V. Óbreytt samkvæmt tillögu vegamálstjóra.

VI. Óbreytt.

VII. Annar kostnaður en laun er áætlaður ca. kr. 27 000.00 hærri með tilliti til þess að sjómælingabáturinn „Týr“ verði gerður út í 4 mánuði á næsta ári í stað 3 áður.

VIII. Í stað gjaldkera með kr. 6677.00 grunnlaunum, sem látið hefur af störfum, eru nú komnir eftirlitsmaður með kr. 7800.00, ritari með kr. 5 200.00 og gjaldkeri með 3 600.00 grunnlaunum.

Annar kostnaður er áætlaður kr. 10 000.00 hærri en í ár.

Um 16. gr. A.

1. Samkvæmt tillögu landbúnaðarráðuneytisins er framlagið til Búnaðarfélagsins ákveðið kr. 1 100 00, kr. 115 000 hærri en í fyrra.

2. Til kynnisferða bænda leggur búnaðarmálstjóri til, að veittar verði kr. 10 000.

3. a. Samkvæmt jarðræktarlögunum nr. 54/1942 skal greiða styrk úr ríkissjóði til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í II. kafla laganna. Verðlagsuppbót skal greiða á styrkinn samkvæmt 10. gr. laganna, og miðast uppbótin við verðlagsvísitölu næsta árs á undan. Ekki er í jarðræktarlögunum ákveðið hámark þess styrks, sem ríkissjóður skal greiða alls á ári til þessara framkvæmda, og fer hann eftir framkvæmdunum, nema honum séu takmörk sett í fjárlögum.

Í fjárlögum þessa árs er styrkurinn talinn kr. 3 000 000, en í greinargerð búnaðarfélagsins, sem frumvarpinu fylgir, er sagt, að heildarstyrkurinn á framkvæmdir frá árinu 1947 muni verða sem næst kr. 3 600 00, og er þá reiknað með verðlagsuppbót 215%. Styrkur á framkvæmdirnar 1947 greiðist með fjárveitingu 1948. Grunnstyrkurinn er þá ca. kr. 1 143 000.

Búnaðarfélagið telur, að framkvæmdir muni verða a. m. k. eins miklar í ár og síðast liðið ár, og áætla grunnstyrkinn kr. 1 260 000, en verðlagsuppbót kr. 2 502 000. Þar að auki vill það áætla fyrir útsendingarkostnaði á styrkjunum kr. 20 000. Engin heimild er til að greiða þann kostnað úr ríkissjóði, og verður hann ekki tekinn upp í frumvarpið. Grunnstyrkurinn verður áætlaður kr. 1 250 000 og verðlagsuppbót 200%.

b. Samkvæmt 30. gr. jarðræktarlaganna nr. 54/1942, sbr. 1. gr. laga nr. 38/1943, skal ríkissjóður árlega greiða vélasjóði kr. 50 000. Búnaðarfélagið leggur til, að greidd verði verðlagsuppbót á þetta framlag, en á það getur fjármálaráðuneytið ekki fallið og tekur það því ekki upp í fjárlagafrumvarpið.

c. Samkvæmt 37. gr. jarðræktarlaganna nr. 54/1942, sbr. 8. gr. laga nr. 38/1943, skal ríkissjóður greiða $\frac{1}{2}$ kostnaðar við framræslu. Styrkurinn á þessu ári hefur

þegar numið kr. 514 535.71 og er enn nokkuð ógreitt. Hann mun vera greiddur til framkvæmdanna á árinu 1947. Ef svipað verður unnið í ár, mun ekki veita af að áætla til styrkgreiðslu kr. 600 000.00.

d. Samkvæmt 11. gr. laga nr. 7/1945 skal verkfæranefnd ríkisins hafa eftirlit með vélum þeim og verkfærum, sem keypt eru til ræktunarframkvæmda samkvæmt lögum. Samkvæmt 12. gr. sömu laga skulu búnaðarfélagið og verkfæranefnd halda námskeið fyrir þá menn, sem eiga að vinna við hin vélknúnu jarðvinnslutæki. Kostnaðinn við hvorttveggja skal greiða úr ríkissjóði. Ekki er gerð grein fyrir kostnaði þessum í tillögum búnaðarfélagsins, en lagt er til, að hann verði áætlaður eða til hans verði veittar kr. 200 000. Með því, að eftirlitið með vélunum er mjög nauðsynlegt og hirðingu vélanna mun víða hafa verið mjög ábótavant undanfarið, er tekin í frumvarpið sú fjárveiting, sem búnaðarfélagið leggur til.

e. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 7/1945 skal ríkissjóður greiða helming kostnaðar við athuganir og mælingar á ræktunarlöndum, en búnaðarfélagið og búnaðarsambönd eiga að greiða hinn helminginn. Ekki hefur enn komið til greiðslu á neinum slíkum kostnaði, en búast má við, að á næsta ári verði ríkissjóður krafinn um einhverja greiðslu. Er ekki talið varlegt að áætla hana lægri en kr. 75 000.00.

f. Búnaðarfélagið leggur til, að veitt verði til skurðgröfukaupa kr. 500 000.00 á næsta ári. Með því að útlíðið er tvísýnt um fjárhagsafkomu ríkissjóðs á næsta ári, verður ekki lagt til í frumvarpinu, að veitt verði meira en kr. 100 000 til þessara kaupa, sbr. 34. gr. jarðræktarlaganna.

g. Samkvæmt 24. gr. jarðræktarlaganna nr. 54/1942, skal ríkissjóður árlega leggja verkfærakaupasjóði kr. 80 000.00. Fjárveiting þessi mun hafa fallið niður úr fjárlögum þessa árs, en úr því verður væntanlega bætt með því að ávísar henni gegn aukafjárveitingu. Búnaðarfélagið leggur til, að á styrk þennan verði greidd verðlagsuppbót, en fjármálaráðuneytið getur ekki fallið á það og tekur það ekki upp í frumvarpið.

h. Samkvæmt 21. gr. laga nr. 7/1945, sbr. l. nr. 29/1948, skal ríkissjóður greiða í styrk $\frac{2}{3}$ af kostnaði veggjamóta, véla og verkfæra, sem forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins og nýbýlastjórnin telja búnaðarsamböndum þörf á til byggingarframkvæmda. Kostnaðinn áætla teiknistofa landbúnaðarins kr. 1 064 000 á næsta ári og styrk úr ríkissjóði því kr. 710 000.00.

4. Samkvæmt lögum nr. 19/1948 ber ríkissjóði að greiða margs konar styrki til búfjárræktar.

a. Nautgriparækt. Samkvæmt 9. gr. getur búnaðarfélag eða nautgriparæktarfélag fengið styrk til starfsemi sinnar, sem nemur eftir atvikum kr. 1.00 til kr. 2.50 á hverja reiknaða ársku. Samkvæmt 10. gr. geta félög þessi fengið styrk til nautahalds, ef þau nota verðlaunanaut.

Samkvæmt 13. gr. leggur ríkissjóður fram til verðlauna á nautgripasýningum kr. 0.50 fyrir hvern framtalinn nautgrip gegn jafnháu framlagi annars staðar að. Enn fremur skal greiða úr ríkissjóði heiðursverðlaun fyrir kýr.

Hinn almenna styrk til nautgriparæktarfélaganna áætla Búnaðarfélag Íslands kr. 95 000.00. Lögin kveða ekki á um það, hvaðan styrkurinn á að koma, og því síður skylda þau ríkissjóð til að greiða slíkan styrk. Santa er um verðlaunastyrkina að segja, en þá áætla búnaðarfélagið kr. 5000.00.

Hér er ekki um lögboðnar greiðslur úr ríkissjóði að ræða, en þó er lagt til, að veittar verði fjárhæðir þær, sem búnaðarfélagið nefnir.

b. Sauðfjárrækt. Samkvæmt 16. gr. geta sauðfjárræktarfélag fengið styrk úr ríkissjóði. Samkv. 17. gr. er heimilt að styrkja úr ríkissjóði sauðfjárræktarþú, 2 í hverjum landsfjórðungi. Þá skal ríkissjóður árlega leggja fram kr. 2000.00 til þess að verðlauna þú þessi, og er það framlag lögbundið, en styrkirnir ekki.

Samkvæmt 21. gr. skal greiða úr ríkissjóði til verðlauna á sýningum 2 auro á hverja framtalda kind, gegn jöfnu framlagi annars staðar að, og áætla búnaðarfé-

lagið framlag þetta kr. 15 000,00. Styrkina ásamt búaverðlaunum áætlað þáð samtals kr. 32 000,00.

Hér verður fylgt tillögum búnaðarfélagssins og 12 000 kr. fjárveiting tekin í frumvarpið til sauðfjárræktarfélaganna, en 20 000 til sauðfjárræktarfélaganna. Er þá innifalið í þeim fjárhæðum kr. 2000 framlag til verðlauna á búum samkvæmt 17. gr.

c. Hrossarækt.

Samkvæmt 33. gr. geta hrossaræktarfélag og eða búnaðarfélag fengið styrk til kaupa á kynbótahestum og samkvæmt 34. gr. fódurstyrk til stóðhestahalds. Búnaðarfélag Íslands leggur til, að veittar verði úr ríkissjóði kr. 8 000,00 til kaupa á stóðhestum og kr. 10 000,00 til fódurstyrks og girðingastyrks samkvæmt 35. gr., en girðingastyrkurinn er lögbundinn úr ríkissjóði.

Til verðlauna á sýningum skal ríkissjóður leggja fram 10 auro á hvert fram talið hross gegn jöfnu framlagi annars staðar að, og gengur það framlag til að greiða 3. verðlaun. Heiðursverðlaun, 1. og 2. verðlaun greiðast úr ríkissjóði. Framlag þetta hefur búnaðarfélagið áætlað kr. 12 000,00.

d. Samkvæmt 64. gr. skal greiða í styrk til fódurbirgðafélaga kr. 10,00 á hvern bónda í félögunum. Styrk þenna áætlað búnaðarfélagið kr. 60 000,00.

e. Úr ríkissjóði skal samkvæmt 50. gr. greiða byggingarstyrk til sæðingarstöðva, 1/3 byggingarkostnaðar, þó ekki yfir kr. 15 000,00 á stöð. Þenna styrk áætlað búnaðarfélagið kr. 45 000,00. Rekstrarstyrk áætlað þáð kr. 18 000,00.

f. Styrk til héraðsráðunauta í búfjárrækt samkvæmt 74. gr. áætlað búnaðarfélagið kr. 50 000.

Samkvæmt 80. gr. laganna skulu allar greiðslur samkvæmt lögum þessum greiddar með verðlagsuppbót, en með því að ekki er annað tekið fram í tillögum búnaðarfélagssins, er litið svo á, að hún sé innifalin í fjárhæðum þeim, sem það nefnir og fjárveitingarnar í frumvarpinu eru miðaðar við þetta. Verðlagsuppbótin er þá ekki heldur sundurliðuð frá grunnstyrk eða grunnframlagi.

5. Búnaðarfélagið leggur til, að til tilrauna í búfjárrækt verði veittar kr. 34 000 á næsta ári, og er gerð grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi.

Tilraunaráð jarðræktar hefur gert tillögur um kostnað við jarðræktartilraunir á næsta ári. Kostnaðurinn er miðaður við rekstur 4 tilraunastöðva. Samkvæmt upplýsingum landbúnaðarráðuneytisins eru stöðvar þessar nú reknar algerlega á kostnað ríkissins, og er því villandi í áætlun tilraunaráðs að telja rekstrarhalla stöðvanna styrk. Launaskrár hafa ekki horizt. Rekstraráætlanir gera ráð fyrir gjöldum og tekjum tilraunastöðvanna sem hér segir:

Sámsstaðir, gjöld	kr.	197 500	
— tekjur	—	102 200	
			Rekstrarhalli ... kr. 95 300
Akureyri, gjöld	kr.	167 000	
— tekjur	—	96 800	
			Rekstrarhalli ... -- 70 200
Hafursá, gjöld	kr.	96 000	
— tekjur	—	47 000	
			Rekstrarhalli ... — 48 600
Reykhólar, gjöld	kr.	118 500	
— tekjur	—	41 200	
			Rekstrarhalli ... — 77 300
			Samtals kr. 291 400

6. Í fjárlögum þessa árs eru undir þessum lið veittar kr. 200 000 til bygginga vegna tilraunastöðvar jarðræktar á Reykhólum. Hér er um eign ríkissjóðs að ræða, og átti fjárhæðin að færast á 20. gr. og framhaldsfjárveitingar til bygginga á Reykhólum verða færðar á þá grein.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 35/1946 skal greiða úr ríkissjóði a. m. k. kr. 2 500 000 á ári, árin 1947—1956 incl. til ræktunarframkvæmda. Í fjárlögum þessa árs eru einungis veittar kr. 1 500 000 og er það sennilega af vangá, með því að framlagið er fastbundið með lögum.

Samkvæmt 13. gr. sömu laga skal leggja jafnháa fjárhæð á ári í byggingarsjóð á sama árabili.

7. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 66/1947 skal greiða úr ríkissjóði til ræktunarsjóðs kr. 500 000 á ári árin 1947—1956.

8. Vaxtatillagið til ræktunarsjóðs er fellt niður. Með lögum nr. 91/1935, 18. gr., er ríkisstjórninni heimilað að greiða úr ríkissjóði til ræktunarsjóðs 1% af jarðræktarbréfum, sem eru í eign annarra an Búnaðarbankans. Hefur þetta verið gert, síðan lögin öðluðust gildi og fjárveitingin hefur verið tekin upp á fjárlög. Nú eru allar kringumstæður breyttar orðnar, og ríkissjóður skal leggja ræktunarsjóði stórfé svo sem að ofan greinir. Því sér ráðuneytið enga ástæðu til að nota heimildina og greiða vaxtatillagið.

Landbúnaðarráðuneytið hefur engar tillögur gert um fjárveitingu til áveitufélags Ölfusinga, og er liðurinn felldur niður. Þess skal getið, að áveitugjald það, sem jafnað er niður á jarðir ríkissjóðs í Ölfusi, er fært til frádráttar á 3. gr. B. í ríkisbókhaldinu.

Vegamálastjóri leggur til, að veittar verði kr. 250 000 til fyrirhleðslunnar á Þverá og Markarfljóti, til þess að hægt sé að fullgera þær sem fyrst.

Engar tillögur hafa borizt um aðrar fyrirhleðslur, og verða felldir niður liðirnir 13—15 í nógildandi fjárlögum.

Sama er um 16. lið að segja. Til vélasjóðs er veitt lögboðið framlag á 13. lið þessarar greinar. Ráðuneytið telur ekki fært að veita meira til sjóðsins að þessu sinni, og fellur því niður 17. liður í nógildandi fjárlögum.

9. Aðalbreytingin frá þessa árs fjárlögum er sú, að veittar eru kr. 10 000 til sandgræðslutilrauna í Gunnarsholti.

Jafnmikið er veitt nú sem í þessa árs fjárlögum til nýrra girðinga. Ýmis gjöld eru áætluð kr. 25 000 eftir tillögum sandgræðslustjóra. Ekkert er veitt til bifreiða- og verkfærageymslu, enda hæpið að fjárfestingarleyfi fái st.

10. Launin hafa hækkað lítils háttar frá nógildandi fjárlögum. Ekki er þó gert ráð fyrir launum aðstoðarmanns, sem skógræktarstjóri telur sér þörf á, með því að engin ákvörðun hefur verið tekin enn um ráðning hans.

Skrifstofukostnaður er áætlaður óbreyttur frá fyrra ári. Innifalin í honum eru kr. 16 000 laun til skrifstofumanns, sem auk þessa vinnur á tímavinnukaupi hjá skógræktinni við ýmis störf.

Eftir tillögum landbúnaðarráðuneytisins eru teknar upp kr. 150 000 fjárveiting til skógræktarféлага, kr. 50 000 til skógargirðina á jörðum einstakra manna, og kr. 600 000 til skógræðslu og friðunar á skóglendi.

Skógræktarstjóri leggur til, að landgræðshusjóði sé ávísað kr. 500 000 úr ríkissjóði í fjárlögum næsta árs, en ráðuneytið telur það ekki fært nú.

Til afborgana og vaxta eru áætlaðar kr. 57 500.00, og er það svipað því, sem var í fyrra. Afborganirnar eiga hins vegar að færast á 20. gr., og verða þá hér eftir vextir kr. 5 500.00.

11. Landbúnaðarráðuneytið leggur til, að styrkur þessi verði veittur áfram.

12. Sama ráðuneyti mun hafa samið við Búnaðarfélag Íslands um að taka að sér störf búreikningaskrifstofunnar fyrir kr. 20 000.00. Því er þessi fjárveiting lútin haldast,

Styrkur til mjólkurbúa og smjörslaga er felldur niður eftir tillögum landbúnaðarráðuneytisins.

Sama ráðuneyti leggur til, að í fjárlögum 1949 verði veittar kr. 250 000 til byggingar mjólkurstöðvarinnar í Reykjavík, upp í $\frac{1}{4}$ af byggingarkostnaði, eins og veitt hefur verið undanfarið. Styrkur þessi er ekki lögbundinn, og ráðuneytið telur sér ekki fært að leggja til, að neitt verði greitt af slíkum styrk á næsta ári.

Sama ráðuneyti hefur ekki gert ákveðnar tillögur um, að fé verði veitt til leiðbeininga og tilrauna um æðarvarp, og er því ekkert fé til þess veitt í frumvarpinu.

13. Framlagið til klaksjóðs er ekki lögbundið. Klaksjóðsgjald það, sem heimilað var með lögum nr. 36/1937 að innheimta, hefur aldrei verið innheimt, og tekjur klaksjóðs hafa því verið framlög úr ríkissjóði. Landbúnaðarráðuneytið leggur til, að tekin verði upp í frumvarpið jafnhá fjárveiting til sjóðsins sem í ár.

14. Laun eru óbreytt, en annar kostnaður er hækkaður um kr. 8 000.00, eftir tillögum veiðimálastjóra.

15. Landbúnaðarráðuneytið leggur til, að styrkurinn til loðdýraræktarfélagins verði hækkaður úr kr. 6 000 í kr. 10 000.

16. Laun eru óbreytt, en annan kostnað áætlað ráðunauturinn 5 000 kr. lægri en í ár.

17. Styrkur til einstakra manna til að stunda dýralækningar mun hækka samkv. 13. gr. laga nr. 124/1947. Einn maður mun vera ráðinn með $\frac{2}{3}$ launum héraðsdýralækna, kr. 4 000 í grunn, og hækkar liðurinn sem því svarar.

18. Óbreytt.

19. Kostnaður þessi hefur verið ósundurliðaður í fjárlögum undanfarinna ára, en rétt þykir að sundurliða hann nokkuð.

a. Skrifstofukostnaður og nefndarkostnaður er áætlaður eftir tillögum sauðfjárveikinefndar.

b. Svo sem nefndin gerir grein fyrir í tillögum sínum, er talið, að 24 000 fjár verði bótaskyld á svæðinu milli Héraðsvatna og Blöndu, og svipuð tala á svæðinu frá Blöndu að Miðfirði. Úr ríkissjóði skal samkvæmt lögum nr. 44/1947 greiða $\frac{1}{2}$ lambsverð á bótaskylda kind, og skal miðað við það verð, sem líflömbin kosta árið áður en bæturnar eru greiddar. Líkur eru taldar fyrir því, að lömb kosti í haust að meðaltali kr. 150.00 og verða því kr. 75.00 á kind í bætur eða samtals kr. 3 600 000 fyrir ofangreint svæði. Við þá tölu bætir nefndin kr. 197 000 í bætur til fjáreigenda í Laxárdal í Þingeyjarsýslu samkv. 40. gr. laga nr. 44/1947.

c. Varzla öll skal ákveðin af sauðfjársjúkdómanefnd og greidd úr ríkissjóði samkv. 8. gr. ofanefndra laga. Kostnaðinn áætlað nefndin kr. 600 000.

d.—e. Samkvæmt 8. og 9. gr skulu nýjar girðingar lagðar og eldri viðhaldið á kostnað ríkissjóðs. Er hér farið eftir tillögum nefndarinnar um kostnaðinn.

f. Rannsóknarkostnað áætlað nefndin kr. 150 000 á næsta ári, með því að tilraunastöðin á Keldum muni ekki vera tilbúin til að taka við rannsóknunum að öllu leyti.

g. Uppeldisstyrk samkv. 39. gr. áætlað nefndin kr. 350 000.

h. Flutningskostnað á líffé vegna fjárskipta skal ríkissjóður greiða samkv. 38. gr. Áætlast hann af nefndinni kr. 280 000.

32. liður í núgildandi fjárlögum er felldur niður, með því að engin tillaga hefur um hann borizt.

Páll Jónsson í Garði er nýlátinn og fellur því niður 33. liður núgildandi furlaga.

20. Óbreytt samkvæmt tillögum landbúnaðarráðuneytisins.

Um 16. gr. B.

1. Fiskifélagið telur tillag úr ríkissjóði kr. 859 700 nauðsynlegt til þess að standa undir rekstri þess. Er þetta hækkun frá núgildandi fjárlögum um kr. 49 700, og eru tekjur félagsins þó áætlaðar kr. 10 000 hærri. Aðalhäkkun gjaldanna er kostnaðurinn við fiskiþing, sem haldið er annað hvort ár, og verður á næsta ári. Sá kostnaður er áætlaður kr. 50 000.

2. Fjárhæð sú, sem veitt er til skuldaskilasjóðs vélbátæigenda, er andvirði afborgana og vaxta af lánnum, sem á sínum tíma voru tekin handa sjóðnum. Nemur það kr. 181 114.11, en yfirfærslukostnaður er áætlaður tæpar kr. 900.00.

3. Tillagið til alþjóða hafrannsóknna hefur verið d. kr. 10 000.00 og var ákveðið fyrir rúmum 20 árum síðan. Nú hefur verðlag hækkað allmikið síðan víðast hvar, og hefur þess verið farið á leit, að Ísland hækkaði árstíllag sitt um d. kr. 3 000.00. Þykir rétt að verða við þessu, og áætlast tillagið með núverandi gengi á danskri krónu kr. 17 624.10.

4. Fiskipingið gerir ráð fyrir, að kostnaður við reikningaskrifstofu sjávarútvegsins verði kr. 30 000.00 á næsta ári, en upp í þann kostnað muni vera til fé frá fyrri fjárveitingum kr. 13 000.00. Þyrfti þá að veita kr. 17 000.00 til skrifstofunnar á næsta ári.

Um 16. gr. C.

1. Landssamband iðnaðarmanna telur sér þörf á kr. 30 000.00 hærri styrk nú en í núgildandi fjárlögum og hefur samgöngumálaráðuneytið lagt til, að hann verði veittur. Í fyrra fór sambandið fram á kr. 100 000.00 styrk en einungis kr. 50.000.00 voru veittar. Tekjur þess urðu um 50 000 kr. 1947 auk ríkissjóðsstyrksins, en gjöldin um kr. 120 000.00. Nú eru tekjurnar áætlaðar um kr. 57 000.00, en gjöldin um kr. 141 000.00, og munar þar mestu um kaup eins manns, sem hefur verið bætt við starfsliðið.

2. Tillagið til iðnlánasjóðs er ákveðið í lögum nr. 67/1946 kr. 300 000 á ári.

3. Óbreytt, samkvæmt tillögum samgöngumálaráðuneytisins.

4. Sama ráðuneyti leggur til að veittar verði kr. 250 000.00 í styrk til byggingar iðnskóla í Reykjavík með sömu skilyrðum sem í núgildandi fjárlögum.

5.—8. Óbreytt.

9. Á næsta ári á að halda 6. norræna yrkiskólaþingið á Íslandi. Kostnaðurinn við þinghaldið áætlast kr. 100 000.00, og er óskað styrks til þess þinghalds úr ríkissjóði.

Um 16. gr. D.

Í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir miklu stórfelldari útgjöldum til raforkumála og einnig meiri tekjum en raun hefur orðið á. Tillögurnar, sem nú liggja fyrir til fjárlagaáætlunar 1948, munu byggðar á reikningum ársins 1947, og verður farið eftir þeim, enda leggur atvinnumálaráðuneytið það til að öðru leyti en því, að framlagið úr ríkissjóði til raforkuframkvæmda er lækkað niður í 1 milljón króna, enda vafasamt að leggja mikla áherzlu á framkvæmdirnar nú, meðan áhöld fást ekki innflutt, til þess að hægt sé að nýlja þá raforku, sem fengin er í landinu.

I. Tekjurnar, sem færðar eru til frádráttar þessum lið, eru hlutdeild ýmissa stofnana raforkumálanna í skrifstofukostnaðinum.

VII. Samkvæmt lögum nr. 12/ 1946 á ríkissjóður að leggja 2 milljónir króna á ári í raforkusjóð.

Um 17. gr.

1. Tillagið til bjargráðasjóðs er kr. 0.25 á mann. Í árslok 1947 var mannfjöldinn hér á landi 135 935 og er hér miðað við svipaða íbúatölu.

2. I. Frá Tryggingarstofnun ríkisins hafa borizt tvenns konar tillögur til fjárlagaáætlunar. Önnur er miðuð við það, að III. kafli almannatryggingalaganna um heilsugæzlu, komi til framkvæmda á næstu áramótum, en hin við það, að framkvæmdinni verði frestað. Hér er farið eftir síðari tillögunni og fjárveitingarnar á 12. gr. IV. og V. frumvarpsins eru í samræmi við það. Í tillögunni er gerð ýtarleg grein fyrir þeim, og vísast til þeirra. Framlagið samkv. 116. gr. er áætlað kr. 800 000 lægra en í núgildandi fjárlögum, en engin yfirfærsla er frá fyrri árum, og hækkar því framlagið í heild um kr. 800 000.

II. Endurgreiðslan samkv. 99. gr. laga nr. 50/1946 er kr. 260 000.00 á ári, og var sú fjárhæð veitt í fjárlögum þessa árs. Félagsmálaráðuneytið telur ríkissjóð einnig

eiga að greiða vexti af fénu, sem lífeyrissjóður Íslands hefur greitt til ellilauna og örorkubóta, en með því að fyrrnefnd lagagrein nefnir ekki skyldu ríkissjóðs til þess að bæta lífeyrissjóðnum upp vexti af bótagreiðslufénu, er líklegast, að ekki hafi verið til þess ætlað, að ríkissjóður innti hana af höndum. Verður því ekki gert ráð fyrir vöxtum í frumvarpinu, en sama fjárhæð tekin sem í fyrra.

3.—5. Óbreytt.

6. Óbreytt að öðru en því, að tillagið til elliheimilisins á Seyðisfirði er lækkað um 1000 kr. samkv. tillögu félagsmálaráðuneytisins.

7.—8. Óbreytt samkv. tillögu sama ráðuneytis.

9. Kostnaður við barnaverndarráð hækkar um 6 000 kr.

10.—12. Óbreytt samkv. till. félagsmálaráðuneytisins.

13. Laun og annar kostnaður lækka nokkuð og tekjurnar lækka. Skrifstofa ríkisspítalanna hefur gert áætlunina, og vísast til greinargerðar hennar.

14. Óbreytt.

15. Á næsta ári þarf að greiða tillag til alþjóðaflóttamannastofnunarinnar. Tillagið fyrir reikningsárið $\frac{1}{2}$ 1947 til $\frac{3}{4}$ 1948 var § 32 132.00, og er áætluð svipuð fjárhæð í frumvarpinu, kr. 200 000.00.

16. Til slysavarna er veitt sama fjárhæð sem í ár samkv. tillögu félagsmálaráðuneytisins, en framlagið til endurbyggingar á Sæbjörgu fellur niður.

17. Óbreyttur áætlunarliður.

18. Samkvæmt tillögu dómsmálaráðuneytisins er breytt til um orðlag á þessum lið og framlagið til bindindisstarfsemi hækkað um kr. 130 000.

19.—22. Óbreytt samkv. tillögum félagsmálaráðuneytisins.

23. Samkv. lögum nr. 4/1935 skal kostnaður við vinnumiðlunarskrifstofu greiddast að $\frac{1}{3}$ úr ríkissjóði, annar en kostnaður við símtöl, símskeyti og burðargjöld, sem greiddist allur úr ríkissjóði. Kostnaður þessi varð rúmar kr. 104 000 1946, og má vart áætla hann lægri nú en 100 000 kr.

24. Samkv. lögum nr. 67/1945 skal ríkissjóður árlega leggja fram 700 000 kr. til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga. Þegar félagsmálaráðuneytið var stofnað, tók það við störfum jöfnunarsjóðsins, og var ætlað til, að kostnaðurinn við það ráðuneyti yrði að miklu eða öllu leyti greiddur af tekjum sjóðsins. Í nügildandi fjárlögum eru dregnar kr. 100 000.00 frá framlaginu í þessu skyni, og verður sama fjárhæð dregin frá nú.

25. Samkv. 3. gr. laga nr. 44/1946 skal ríkissjóður árlega leggja fram til byggingarsjóðs kaupstaða og kaupþúna kr. 1 500 000.00 og enn fremur samkv. 2. tölulið sömu greinar fjárhæð, sem svarar til þess krónufjölda, sem sveitarsjóðir leggja fram í sjóðinn á íbúa. Skal framlagið ekki vera lægra en 4 kr. og ekki hærra en 6 kr. á hvern íbúa sveitarfélagsins. Í fjárlögum þessa árs er ekki veitt fé til alls þessa framlags og félagsmálaráðuneytið leggur til, að framlagið 1949 sé hið sama sem í fjárlögum þessa árs.

26. Í fjárlögum þessa árs eru veittar kr. 400 000 til íbúðarhúsabygginga samkv. III. kafla laga nr. 44/1946. Mun hér vera átt við lán þau, sem ríkissjóður veitir til slíkra bygginga samkv. 31. gr., en slík lán á eigi að færa á rekstrarreikning, heldur á 20. gr. fjárlaganna. Hins vegar er heimilt að gefa eftir nokkuð af slíkum lánnum, ef sveitarsjóðurinn gefur eftir það fé, sem hann leggur fram til bygginganna. Slíkar eftirgjafir er rétt að færa á 17. gr.

Þá skal ríkissjóður greiða vaxtamismun á þeim lánnum, sem hann tekur til þess að lána fé til bygginganna, og þeim lánnum, sem hann veitir til bygginganna. Sá mismunur kemur fram í vaxtareikningi ríkissjóðs, og þarf ekki að áætla hann hér.

Liðurinn er því felldur burt hér.

26.—27. Óbreytt.

28. Nú munu örfá lán eftir ógreidd og kostnaður bankans við þau og vaxtamismunur varla teljandi, en áætlast kr. 3 000.

29. Á árinu 1947 varð þessi kostnaður við framkvæmd orlofslaganna:

a. Prentkostnaður	kr. 12 203.00
b. Kostnaður við afhendingu orlofsbóka, 19 351 stk. á 0.40	— 7 740.40
c. Greitt fyrir sölu orlofsmerkja, 1% af kr. 8 380 742.00	— 83 807.08
d. Greitt fyrir útborgun orlofsfjár, 3% af kr. 7 899 984.94	— 236 996.22
e. Annar kostnaður	— 20 000.00
	<hr/>
	Kr. 360 746.70

Andvirði b.—d. liðs mun vera fært til tekna á póstkostnaðarreikningi.
Kostnaðurinn 1949 áætlast kr. 360 000.00.

30. Greiðslur þessar eru samkv. lögum nr. 87/1947, sbr. lög nr. 80/1947.

Samkv. upplýsingum félagsmálaráðuneytisins verða árlegar greiðslur til 1960 um kr. 250 000.00, en næstu 2 árin þarf að greiða skuld, sem safnaðist fyrir hjá sveitarfélögunum, þar til er löggin komu til framkvæmda. Þarf því að áætla til greiðslna þessara kr. 500 000.00 á næsta ári.

31. Framlag þetta var eftir upplýsingum félagsmálaráðuneytisins ákveðið af islenzku ríkisstjórninni, og var upphaflega miðað við það, að vera jafnhátt á íbúa sem framlag Bandaríkjanna og Svíþjóðar var á íbúa í þeim löndum. Mun þetta verða að haldast áfram fyrst um sinn.

32. Ísland er meðlimur í International Labour Organization og á að greiða tillag sem svarar til einnar gjaldaeiningar, \$ 5015.91 eða ca. kr. 33 000.00.

33. Tillag Íslands til sameinuðu þjóðanna (UNO) var \$ 13 879.00 fyrir árið 1948. Það áætlast svipað fyrir árið 1949, kr. 90 000.00.

34. Tillagið til FAO (Food and Agricultural Organization) er í fjárhagsáætluninni fyrir árið 1949 áætlað \$ 2 500.00, ca. kr. 16 250.00.

35. Tillagið til World Health Organization er áætlað \$ 2 000.00 á næsta ári, ca. kr. 13 000.00.

Um 18. gr.

Skrá sú, sem hér á eftir kemur, sýnir eftirlaun þeirra, sem greiðslur fá samkv. 18. gr., sundurliðuð í lögboðin eftirlaun, lífeyri úr lífeyrissjóðum og eftirlaun veitt með fjárlagaveiting. Er hún í tvennu lagi, starfsmenn í öðru, en ekkjur í hinu. Eftir sömu reglu er eftirlaunaþegunum raðað í frumvarpinu, og er farið eftir stafrófsröð innan hvers flokks. Skipting sú, sem hingað til hefur verið á 18. gr., var að ýmsu leyti ruglingsleg, sumu leyti ekki rétt, og að því er virðist tilgangslaus.

Í fjárlagafrumvarpinu eru lögmaeltu eftirlaunin ekki sundurliðuð, enda eru þau ákveðin fjárhæð, sem ekki verður breytt með fjárlagaákvæði. Sundurliðunin er hins vegar í skránni hér í athugasemdunum. Þær eftirlaunagreiðslur, sem fara eftir fjárlagaveiting, þarf auðvitað að sundurliða í fjárlögunum, enda er veiting þessi einungis fyrir eitt ár í senn.

Loks eru barnastyrkir taldir sér í flokki og nöfn og fæðingardagar tilgreindir.

Embættismenn og aðrir starfsmenn.

	Grunnetfrilaun samtafs	Eftirlaun skv. eftirlaunal.	Lífeyrir skv. lífeyrisl.	Eftirl. skv. 18. gr. fjárl.
Aðalheiður Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir, Breiðdalsvík	490.00	”	”	490.00
Ágúst H. Bjarnason, prófessor, Reykjavík	9 175.80	2 405.00	1 770.80	5 000.00
Ágústa Erlends, sinamær, Reykjavík	2 759.35	”	1 559.35	1 200.00
Andrés Johnson, forminjasafnari, Hafnarfirði	6 370.00	”	”	6 370.00
Andrés Ólafsson, fyrrv. fiskimatsmaður, Reykjavík	650.00	”	”	650.00
Ari Arnalds, fyrrv. bæjarfógeti, Reykjavík	17 125.21	1 968.75	881.46	4 275.00
Árni Gíslason, fyrrv. yfirfiskimatsmaður, Ísafirði	4 550.50	917.78	2 007.72	1 625.00
Árni Pálsson, prófessor, Reykjavík	10 120.00	”	3 515.00	6 605.00
Árni Thorsteinson, tónskáld, Reykjavík	4 495.00	”	”	4 495.00
Árni G. Þóroddsson, fyrrv. fiskimatsmaður, Reykjavík	650.00	”	”	650.00
Arnleif Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir, Breiðdalsvík	490.00	”	”	490.00
Ásdís M. Sigurðardóttir, fyrrv. ljósmóðir, Syðra-Skógarnesi	490.00	”	”	490.00
Ásgeir Asgeirsson, fyrrv. sóknarprestur í Hvammi í Dölum	3 159.38	926.25	1 208.13	1 025.00
Ásgeir Jónsson, fyrrv. póstur, Haugum í Stafholtstungum	650.00	”	”	650.00
Ásgeir Jónsson frá Gottorp, Reykjavík	490.00	”	”	490.00
Baldur Eyjólfsson, fyrrv. póstur, Kleifum, Gilsfirði	650.00	”	”	650.00
Benedikt Sveinsson, fyrrv. skjalavörður, Reykjavík	9 600.00	”	”	9 600.00
Bergur Jónsson, fyrrv. sakadómari, Reykjavík	7 200.00	”	”	7 200.00
Björgvin Guðmundsson, tónskáld, Akureyri	3 000.00	”	”	3 000.00
Björn Einarsson, Fjölugötu 25, Reykjavík	3 245.00	”	”	3 245.00
Björn Helgason, fyrrv. fiskimatsmaður, Hafnarfirði	650.00	”	”	650.00
Björn Jónsson, fyrrv. póstur, Tungu í Önundarfirði	325.00	”	”	325.00
Bogi Brynjólfsson, fyrrv. sýslumaður, Reykjavík	3 474.32	1 885.00	549.32	1 040.00
Brynjólfur Þorláksson, söngkennari, Reykjavík	2 206.85	”	256.85	1 950.00
Böðvar Bjarnason, sóknarprestur á Rafnseyri	3 995.50	975.00	1 070.50	1 950.00
Böðvar Jónsson, fyrrv. póstur, Brekkustíg 1, Reykjavík	650.00	”	”	650.00
Carl Bender, fyrrv. póstaftgreiðslumaður á Skagaströnd	1 200.00	”	”	1 200.00
Daniel Sveinsson, fyrrv. póstur, Brekku í Mjóafirði	325.00	”	”	325.00
Eggert Brandsson, fyrrv. sjómaður, Reynimel 51, Reykjavík	1 950.00	”	”	1 950.00
Eggert Stefánsson, söngvari	3 600.00	”	”	3 600.00
Einar Arnórsson, fyrrv. hæstaréttardómari, Reykjavík	15 000.00	15 000.00	”	”
Einar Markússon, fyrrv. ríkisbókari, Reykjavík	23 245.00	”	”	3 245.00
Einar Pálsson, fyrrv. sóknarprestur í Reykholti	2 548.18	901.88	456.30	1 190.00
Einar Straumfjörð, fyrrv. viltavörður, Garðskaga	1 625.00	”	”	1 625.00
Einar E. Sæmundsen, fyrrv. skógarvörður	4 620.00	”	”	4 620.00
Einar Thorlacius, fyrrv. sóknarprestur í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd	3 495.69	1 048.13	547.56	1 900.00
Eiríkur Albertsson, fyrrv. sóknarprestur á Hesti	7 620.00	”	1 174.50	6 445.50
Eiríkur Eiríksson, fyrrv. fiskimatsmaður, Vesturgötu 4, Reykjavík	650.00	”	”	650.00

Eiríkur Kjerúlfr, fyrrv. lækni, Reykjavík	3 600.00			3 600.00
Eiríkur Sigtússon, fyrrv. póstur, Elliheimplinu, Reykjavík	325.00			325.00
Eiríkur Steingrímsson, fyrrv. póstur, Þorsgötu 22, Reykjavík	490.00			490.00
Erlendur Erlendsson, fyrrv. fiskimatsmaður, Akureyri	490.00			490.00
Friðfinnur Guðjónsson, leikari, fyrrv. prentari	1 300.00			1 300.00
Friðrik Bjarnason, tónskáld, fyrrv. barnaskólakennari	4 549.46		2 924.46	1 625.00
Friðrik Hallgrímsson, fyrrv. dómkirkjuprestur	9 000.00		1 873.17	7 126.83
Friðrik Jónsson, fyrrv. póstur, Helgastöðum í Reykjadal	1 056.25			1 056.25
Geir Sigurðsson, fyrrv. lögregluþjónn, Flóka götu 39, Reykjavík	2 000.00			2 000.00
Gróa Dalhoff, fyrrv. simakona, Reykjavík	4 2633.80		1 333.80	1 300.00
Guðbjörg Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir, Arngæirsstöðum í Fljótshlíð	490.00			490.00
Guðbjörg Þorleifsdóttir, Múlakoti í Fljótshlíð	650.00			650.00
Guðbrandur Þorsteinsson, fyrrv. vitavörður, Loftshlíð, Dyrhólaey	650.00			650.00
Guðjón Hermannsson, fyrrv. póstur, Skuggahlíð, Norðfirði	490.00			490.00
Guðjón Sigurðsson, fyrrv. póstur, Dægru, Innri-Akraneshreppi	496.25			496.25
Guðlaugur Hansson, fyrrv. lýsismatsmaður, Vestmannaeyjum	650.00			650.00
Guðlaugur Sigmundsson, fyrrv. póstur, Brekkugötu 3, Akureyri	815.00			815.00
Guðmundur B. Arnason, fyrrv. bréfberi, Akureyri	490.00			490.00
Guðmundur Björnsson, fyrrv. sýslumaður, Reykjavík	5 113.59	2 502.81	985.78	1 625.00
Guðmundur Davíðsson, fyrrv. umsjónarmaður á Þingvöllum	3 390.39	2 442.69	950.39	2 440.00
Guðmundur Eggerz, fyrrv. sýslumaður, Akureyri	5 414.09		46.40	2 925.00
Guðmundur Einarsson, fyrrv. fiskimatsmaður, Hnífsdal	490.00			490.00
Guðmundur Gestsson, fyrrv. dyravörður Menntaskólans	2 866.98		916.98	1 950.00
Guðmundur Gissurarson, fyrrv. fiskimatsmaður, Lindargötu 35, Reykjavík	650.00			650.00
Guðmundur Guðmundsson, fyrrv. héraðslæknir í Reykhólahéraði	6 782.20	1 625.00	1 157.20	4 000.00
Guðmundur Kristjánsson, fyrrv. póstur, Ásbrandsstöðum, Vopnafirði	490.00			490.00
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. fiskimatsmaður, Bíldudal	490.00			490.00
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. póstur, Amtmannsstíg 5, Reykjavík	815.00			815.00
Guðmundur Sveinbjörnsson, fyrrv. skrifstofustjóri, Reykjavík	12 000.00	1 820.00	877.50	9 302.50
Guðrún Indriáadóttir, leikkona, Reykjavík	1 300.00			1 300.00
Gunnlaugur Kristmundsson, fyrrv. sandgræðslustjóri, Hafnarfirði	9 600.00		1 930.32	7 669.68
Hafliði Sveinsson, fyrrv. póstur, Staðarhrauni	490.00			490.00
Halldór Benediktsson, fyrrv. póstur, Siglufríði	325.00			325.00
Halldór Kr. Júlíusson, fyrrv. sýslumaður, Reykjavík	4 957.31	1 985.00	1 672.31	1 300.00
Halldór Steinsson, fyrrv. héraðslæknir í Ólafsvík	6 052.03	1 562.50	1 244.53	3 245.00
Hallgrímur Jónsson, fyrrv. barnaskólastjóri, Reykjavík	5 910.88		2 275.88	3 635.00

¹⁾ Auk þessa kr. 2 000.00 í grunn á 15. gr., rithöfundastýkur. — ²⁾ Fær kr. 3 120.00 í grunnefirlaun frá Tryggingarstofnun ríkisins.

³⁾ Frá lífeyrissjóði starfsmanna í Gutenberg kr. 2 262.00. Auk þess hefir hann efirlaun frá prentarafélaginu kr. 2 860.00 uppbotarlaust, á ári.

— ⁴⁾ Á gjöld Landssímans, sem launagreiðslur, eru færðar kr. 390.00 í grunn í efirlaun til hennar.

	Grunneftirlaun samtals	Eftirlaun skv. eftirlaunal.	Lífeyrir skv. lífeyrisl.	Eftirl. skv. 18. gr. fjárl.
Hannes Jónsson, fyrrv. póstur, Núpsstað	1 140.00	"	"	1 140.00
Haraldur Þórarinnsson, fyrrv. sóknarprestur í Hofteigi	4 799.15	901.87	3 084.15	723.13
Helgi Árnason, fyrrv. safnahúsvörður, Reykjavík	2 116.08	"	816.08	1 300.00
Helgi Pétursson, dr. phil., Reykjavík	7 620.00	"	"	7 620.00
Henriette Kjær, fyrrv. yfirhjúkrunarkona	975.00	"	"	975.00
Hjálmar Guðjónsson, fyrrv. yfirfiskimatmaður	2 733.04	"	1 108.04	1 625.00
Hólmgeir Jónsson, fyrrv. dýralæknir, Flateyri	490.00	"	"	490.00
Ingibjörg Lárusdóttir, rithöfundur, Blönduósi	815.00	"	"	815.00
Ingibjörg Loftsdóttir, fyrrv. ljósmóðir, Akranesi	490.00	"	"	490.00
Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir, Vopnafirði	932.00	"	442.00	490.00
Ingibjörg Sigurðardóttir, fyrrv. póstafréiðslukona	975.00	"	"	975.00
Ingiríður Helgadóttir, fyrrv. ljósmóðir	490.00	"	"	490.00
Ingivaldur Nikulásson, fyrrv. barnakennari, Bildudal	650.00	"	"	650.00
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir í Borgarnesi	5 301.06	1 781.85	1 894.21	1 625.00
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir á Djúpavogi	10 200.00	"	"	110 200.00
Ingólfur Jónsson, fyrrv. leiðsögumaður frá Ísafirði	815.00	"	"	815.00
Ingvar Nikulásson, fyrrv. sóknarprestur á Skeggjastöðum	2 844.46	999.38	730.08	1 115.00
Jakob Kristinnsson, fyrrv. fræðslumálstjóri, Reykjavík	7 620.00	"	1 081.65	6 538.35
Jakob J. Smári, fyrrv. aðjunktur, Reykjavík	7 200.00	"	"	27 200.00
Jes A. Gíslason, fyrrv. sóknarprestur í Vestmannaeyjum	1 793.25	978.25	"	815.00
Jóhann P. Jónsson, skipherra, Reykjavík, biðlaun	12 000.00	"	"	12 000.00
Jóhannes Jóhannesson, fyrrv. bæjarfógeti, Reykjavík	7 620.00	7 620.00	"	"
Jóhannes Jónsson, yfirfiskimatmaður, Akureyri, biðlaun	3 000.00	"	"	3 000.00
Jón Arnason, fyrrv. fiskimatmaður, Vesturgötu 22, Reykjavík	650.00	"	"	650.00
Jón Bach, fyrrv. dýravörður, Reykjavík	2 000.00	"	"	2 000.00
Jón Hermannsson, fyrrv. tollstjóri, Reykjavík	7 620.00	7 620.00	"	"
Jón N. Jóhannesson, fyrrv. sóknarprestur á Stað í Steingrímsfirði	3 160.00	926.25	998.75	1 235.00
Jón Jónsson, fyrrv. póstur, Galtarholti	1 140.00	"	"	1 140.00
Jón Stefánsson, dr. phil., London	1 048.66	"	"	1 048.66
Jón Sværriðsson, fyrrv. fiskimatmaður, Tjarnargötu 41, Reykjavík	3 421.24	"	1 796.24	1 625.00
Jóna Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir frá Kóreksstaðagerði	880.00	"	390.00	490.00
Jónas Jónsson, fyrrv. fiskimatmaður, Vestmannaeyjum	490.00	"	"	490.00
Jónas Kristjánsson, fyrrv. héraðslæknir á Sauðárkróki	4 527.50	1 620.00	1 282.50	1 625.00
Jónína Marteinsdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona, Reykjavík	490.00	"	"	490.00
Jósef Eliesersson, fyrrv. póstur, Sigrúnarstöðum í Hálsasveit	815.00	"	"	815.00
Karl Einarsson, fyrrv. bæjarfógeti, Reykjavík	2 813.23	2 374.48	438.75	"
Karl Finnbogason, fyrrv. barnaskólastjóri	6 375.35	"	4 275.35	2 100.00
Karl Steingrímsson, fyrrv. fiskimatmaður, Djúpavogi	490.00	"	"	490.00

Kjartan Ólafsson, fyrrv. yfirfiskimatmaður, Vestmannaeyjum	2 438.00	"	"	2 438.00
Klemenz Klemenzson, fyrrv. leiðsögumaður, Leifsgötu 18, Reykjavík ..	815.00	"	"	815.00
Kofoed-Hansen, fyrrv. skógræktarstjóri, Reykjavík	4 728.38	"	2 213.38	2 515.00
Kristín Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir, Hafnalæk	490.00	"	"	490.00
Kristinn Danielsson, fyrrv. sóknarprestur á Útskálum	2 115.00	780.00	"	1 335.00
Kristjana Jónsdóttir, fyrrv. ritari í fræðslumálaskrifstofunni	2 340.00	"	"	2 340.00
Kristján A. Bjarnason, fyrrv. póstur, Bíldudal	490.00	"	"	490.00
Kristján Ingimundarson, fyrrv. fiskimatmaður, Vestmannaeyjum	490.00	"	"	490.00
Kristján Jónsson, fyrrv. póstur, Eskifirði	325.00	"	"	325.00
Kristján Linnet, fyrrv. bæjarfógeti, Reykjavík	9 600.00	"	5 266.55	4 333.45
Kristján Þorláksson, fyrrv. vitavörður, Skoruvík á Langanesi	650.00	"	"	650.00
Lárus Bjarnason, fyrrv. skólastjóri í Hafnarfirði	7 110.00	"	"	7 110.00
Lárus Rist, fyrrv. kennari, Hveragerði	975.00	"	"	975.00
Lárus Sigurjónsson, skáld, Reykjavík	2 440.00	"	"	2 440.00
Loftur Ólafsson, fyrrv. póstur, Hörgslandi	975.00	"	"	975.00
Lúðvík Hansson, fyrrv. leiðsögumaður	650.00	"	"	650.00
Magnús Bjarnarson, fyrrv. sóknarprestur á Prestsbakka á Síðu	2 615.06	1 048.13	501.93	1 065.00
Magnús Bl. Jónsson, fyrrv. sóknarprestur í Vallanesi	921.00	828.75	92.25	"
Margrét Rasmus, fyrrv. forstöðukona málleysingjaskólans	3 793.75	"	3 438.75	4 495.00
María Sigurðardóttir, fyrrv. starfskona Alþingis	490.00	"	"	490.00
Marsibil Sigurðardóttir, fyrrv. fiskimatkona, Bíldudal	490.00	"	"	490.00
Matthías Eggertsson, fyrrv. sóknarprestur í Grimsey	3 626.25	1 592.50	788.75	1 245.00
Matthías Einarsson, fyrrv. yfirlæknir	11 100.00	"	"	11 100.00
Matthías Þórðarson, fiskifræðingur frá Móum	1 950.00	"	"	1 950.00
Matthías Þórðarson, fyrrv. þjóðminjavörður, Reykjavík	11 100.00	2 112.00	5 661.83	3 326.17
Njáll Guðmundsson, fyrrv. Hrísey	650.00	"	"	650.00
Ólafur Danielsson, fyrrv. yfirleiknari, Reykjavík	8 476.25	1 812.50	3 418.75	3 245.00
Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir á Akranesi	4 730.15	1 620.00	1 485.15	1 625.00
Ólafur Friðriksson, fyrrv. rústjóri, Reykjavík	2 925.00	"	"	2 925.00
Ólafur Thorlacius, fyrrv. héraðslæknir á Djúpavogi	4 390.75	1 397.50	884.25	1 625.00
Páll Einarsson, fyrrv. hæstaréttardómari, Reykjavík	15 634.50	15 000.00	634.50	"
Páll Halldórsson, fyrrv. skólastjóri, Reykjavík	4 078.75	"	2 453.75	1 625.00
Páll G. Jónsson, fyrrv. póstur, Garði í Fnjóskadal	490.00	"	"	490.00
Páll Eggert Ólason, dr. phil., Reykjavík	11 462.81	"	2 342.81	9 120.00
Páll Sveinsson, yfirleiknari, Reykjavík	9 600.00	"	2 801.89	6 798.11
Pálmi Þóróddsson, fyrrv. sóknarprestur á Hofsósi	2 753.20	1 194.38	638.82	920.00
Pétur Á. Jónsson, óperusöngvari, Reykjavík	3 600.00	"	"	3 600.00

1) Biðlaun. — 2) Auk þessa laun í endurskoðunardeildinni kr. 6 495.00 í grunn. — 3) Auk þessa fær hún kr. 1 800.00 á ári án verðlags-
uppbótar í húsaleigutyrk, og ferast þær á 18. gr. II. — 4) Auk þessa kr. 1 560.00 í grunn frá Áfengisverzlun ríkisins.

	Grunneftirlaun samtafs	Eftirlaun skv. eftirlaunaf.	Lífeyrir skv. lífeyrisl.	Eftirl. skv. 18. gr. fjárl.
Pétur Thoroddsen, fyrrv. héraðslæknir í Neskaupstað	4 275.38	1 592.50	1 057.88	1 625.00
Runólfur M. Jónsson, fyrrv. sóknarprestur á Stað í Aðalvík	2 848.35	926,25	737.10	1 185.00
Runólfur Magnússon, fyrrv. fiskimatsmaður, Háteigsveg 14, Reykjavík	650.00	"	"	650.00
Samúel Eggertsson, fyrrv. kennari, Reykjavík	815.00	"	"	815.00
Sigríður Gísladóttir, fyrrv. starfskona Alþingis	490.00	"	"	490.00
Sigríður Jónasdóttir, fyrrv. ljósmóðir, Miðhópi	490.00	"	"	490.00
Sigríður Jónasdóttir, fyrrv. ljósmóðir, Þorshöfn	490.00	"	"	490.00
Sigtryggur Guðlaugsson, fyrrv. sóknarprestur á Núpi	6 347.94	910.00	942.94	4 495.00
Sigurbjörn Sveinsson, fyrrv. barnakennari, Vestmannaeyjum	4 285.00	"	1 040.00	3 245.00
Sigurður Benediktsson, fyrrv. póstur, Gljúfri, Ölfusi	490.00	"	"	490.00
Sigurður Briem, fyrrv. póstmestari, Reykjavík	7 620.00	7 620.00	"	"
Sigurður Fr. Einarsson, fyrrv. fiskimatsmaður, Þingeyri	490.00	"	"	490.00
Sigurður V. Guðmundsson, fyrrv. fiskimatsmaður, Reykjavík	650.00	"	"	650.00
Sigurður Guðmundsson, fyrrv. skólameistari, Reykjavík	11 100.00	"	5 358.51	5 741.49
Sigurður Jóakimsson, fyrrv. fiskimatsmaður, Hafnarfirði	650.00	"	"	650.00
Sigurður Jónsson, fyrrv. fiskimatsmaður, Hnífsdal	490.00	"	"	490.00
Sigurður Nordal, prófessor, Reykjavík	3 245.00	"	"	1 3 245.00
Sigurður Sigfússon, fyrrv. póstur, Seyðisfirði	406.25	"	"	406.25
Sigurður Sigurðsson, fyrrv. barnakennari, Seyðisfirði	2 542.94	"	1 542.94	1 000.00
Sigurður Sumarliðason, fyrrv. póstur, Akureyri	325.00	"	"	325.00
Sigurður Thoroddsen, fyrrv. yfirkennari, Reykjavík	6 258.75	1 843.75	1 170.00	3 245.00
Sigurjón Björnsson, fyrrv. fiskimatsmaður, Reykjavík	650.00	"	"	650.00
Sigurjón Friðjónsson, skáld	3 245.00	"	"	3 245.00
Sigurjón Jónsson, fyrrv. héraðslæknir á Dalvík	2 815.48	1 551.88	1 263.60	"
Sigurjón Markússon, fyrrv. sýslumaður, Reykjavík	9 600.00	2 145.00	3 080.59	4 374.41
Sigurjón Rögnvaldsson, fyrrv. kennari, Akureyri	325.00	"	"	325.00
Sigurjón Sumarliðason, fyrrv. póstur, Akureyri	1 140.00	"	"	1 140.00
Skúli Arnason, fyrrv. héraðslæknir, Reykjavík	3 100.50	1 300.00	175.50	1 625.00
Stefán Kristinsson, fyrrv. sóknarprestur á Völlum	3 711.05	975.00	1 111.05	1 625.00
Stefán Þorvaldsson, fyrrv. póstur, Kálfafelli	650.00	"	"	650.00
Steingrímur Arason, fyrrv. kennari	3 674.45	"	2 174.45	1 500.00
Steingrímur Jónsson, fyrrv. bæjarfógeti á Akureyri	7 854.06	7 120.00	734.06	"
Sumarliði Guðmundsson, fyrrv. póstur, Svefneyjum	815.00	"	"	815.00
Theódór Jónsson, fyrrv. sóknarprestur á Bægisá	4 489.81	1 243.00	916.81	2 330.00
Thorvald Krabbe, fyrrv. vitamálastjóri	5 120.00	"	2 960.00	2 160.00
Tómas Jónsson, fyrrv. fiskimatsmaður, Reykjavík	650.00	"	"	650.00
Valdimar Snævarr, fyrrv. barnaskólastjóri	5 255.24	"	2 575.24	2 680.00
Valgerður Steinsen, fyrrv. spítalaráðskona, Reykjavík	815.00	"	"	815.00

Vésteinn Arnason, fyrrv. póstur, Vaði, Suður-Þingeyjarsýslu	325.00	"	"	325.00
Vígfus Einarsson, fyrrv. skrifstofustjóri, Reykjavík	12 000.00	"	5 388.30	6 611.70
Vígfus Sigurðsson, fyrrv. vitavörður, Víðimel 57, Reykjavík	775.18	"	285.18	490.00
Vígfus Þórðarson, fyrrv. sóknarprestur í Heydölum	4 657.68	"	1 158.30	2 500.00
Þorbjörn Þórðarson, fyrrv. héraðslæknir á Bildudal	4 666.25	"	1 901.25	1 140.00
Þorkell Þorkelsson, fyrrv. veðurstofustjóri, Reykjavík	11 100.00	"	"	11 100.00
Þorlákur Þorláksson, fyrrv. póstur, Hörgslandi	650.00	"	"	650.00
Þorleifur Erlendsson, fyrrv. barnakennari	1 380.00	"	780.00	600.00
Þorsteinn Briem, fyrrv. sóknarprestur á Akranesi	9 000.00	"	"	9 000.00
Þorsteinn Gíslason, fyrrv. fiskimatsmaður, Vesturgötu 19, Reykjavík ..	650.00	"	"	650.00
Þorsteinn Þorsteinsson, fyrrv. póstur, Húnavatnssýslu	650.00	"	"	650.00
Þorvaldur Jakobsson, fyrrv. sóknarprestur í Sauðlauksdal	2 971.88	"	901.88	2 070.00
Þorvaldur Þorvaldsson, fyrrv. fiskimatsmaður í Keflavík	650.00	"	"	650.00
Samtals	651 725.07	120 927.27	120 501.07	410 296.73

Ekkjur.

	Grunneftirlaun samtals	Eftirlaun skv. eftirlaunal.	Lífeyrir skv. lífeyrsl.	Eftirl. skv. 18. gr. fjárl.
Aðalbjörg Jakobsdóttir, ekkja Gísla Péturssonar, héraðslæknis	1 525.94	710.94	"	815.00
Aðalbjörg Sigurðardóttir, ekkja Haralds Nielssonar, prófessors	2 502.50	552.50	"	1 950.00
Ágústa P. Ólafsdóttir, ekkja Magnúsar Gunnarssonar, dyrav. í stjórðinu	490.00	"	"	490.00
Álfheiður Briem, ekkja Páls Briems, amtmanns	1 015.63	1 015.63	"	"
Anína Arinbjarnardóttir, ekkja Guðmundar Jónssonar, pósts á Akureyri	490.00	"	"	490.00
Anna Ásmundsdóttir, ekkja Ásgeirs Torfasonar efnaræðings	1 000.00	"	"	1 000.00
